

RÓMANSKA AMERÍKA

SAGA OG SAMTÍÐ

REYKJAVÍK 1979

RÓMANSKA AMERÍKA

SAGA OG SAMTÍÐ

VERKIÐ UNNU:

EINAR ÓLAFSSON

GUDNI FRANZSON

INGIMAR MAGNÚSSON

KRISTJÁN SVEINSSON

INGILEIF THORLACIUS

BENEDIKT HÖSKULDSSON

HARALDUR GUDFINNSSON

HREFNA RÓBERTSDÓTTIR

ÞÓRA ELÍN HELGADÓTTIR

SIGRÍÐUR ANNA GUDJÓNSDÓTTIR

VILHJÁLMUR ÖRN VILHJÁLMSSON

BERGÞÓRA KRISTÍN GRÉTARSDÓTTIR

UMSJÓN:

SIGURÐUR HJARTARSON

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ
DESEMBER 1979

FORMÁLI


Bæklingur þessi er settur saman í söguáfangi 373 í Menntaskólanum við Hamrahlíð á haustönn 1979. Nemendurnir í áfanganum, höfundarnir tólf, hafa unnið bæklinginn að öllu leyti, sett saman sögulegu textana, teiknað kortin, þýtt tölfraðilegu upplýsingarnar, unnið myndirnar, vélritað og séð um alla uppsetningu. Mitt hlutverk sem kennara var eingöngu að leiðbeina og verkstýra.

Um heimildanotkun er það að segja að fyrirmyndin var einkum sænskur pési, "Vill du veta mer om Latin-Amerika?", Latinamerikanska Institutet og SIDA, Stockholm, 1979, og úr þeim þessa eru flestar tölfraðilegu upplýsingarnar komnar. Við samningu sögulegu textanna hafa nemendur notað allar tiltækar heimildir, innlendar og erlendar, uppsláttarrit ýmis konar, sagnfræðiverk, blaða- og tímaritsgreinar. Sama gildir um kortin, þau eru unnin upp úr ýmsum gögnum. Myndskreytingarnar eru flestar fengnar að "láni" úr ýmsum áttum, nokkrar myndir eru þó frumvinna og eru þær merktar.


Við færum skólastjórn M.H. þakkar fyrir að heimila og kosta útgáfuna, forráðamönnum bóksölu M.H. þökkum við greiðan aðgang að ritvél og ljósrita, Valgeiri Emilssyni í Repró þökkum við liðlega samvinnu, en Repró sá um prentvinnuna og síðast en ekki síst færi ég nemendunum tólf bestu þakkar fyrir einkar ánægjulegt samstarf á önninni.

Reykjavík, 1. des. 1979

S.H.



Þörfin á að mennta indjónann.



Þjargvættur laga og reglu.



RÍKIN Í ÁLFUNNI


ARGENTINA	46 - 47
BAHAMAS	24
BARBADOS	26
BOLIVIA	42 - 43
BRASILIA	40 - 41
CHILE	44 - 45
COLOMBIA	30 - 31
COSTA RICA	15
CUBA	18 - 19
DOMINICA	25
DÓMINIKANSKA LYÐVELDIÐ	22 - 23
ECUADOR	36 - 37
EL SALVADOR	14
GRENADA	28
GUATEMALA	10
GUYANA	33
HAITI	20 - 21
HONDURAS	11
JAMAICA	17
MEXICO	8 - 9
NICARAGUA	12 - 13
PANAMA	16
PARAGUAY	35
PERU	38 - 39
ST. LUCIA	27
SURINAM	34
TRINIDAD OG TOBAGO	29
URUGUAY	48 - 49
VENEZUELA	32

ÍSLAND

Flatarmál: 103 þús. km²
 Fólksfjöldi: 224,384
 Fólksfjölgun á ári: 0,9%
 Íbúar á km²: 0,46
 Höfuðborg: Reykjavík, 83,376
 Íbúar í þéttbýli: 195,545
 Vinnuafli í landbúnaði: 9,7%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPF): 2,117 milj.US\$
 HPF á íbúa: 9,468 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 4,3%
 Helstu atvinnugreinar: Iðnaður, sjávarútv., landbúnaður, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
 Helstu útflutningsvörur: Fiskafurðir, iðnaðarvörur
 Helstu innflutningsvörur: Vélar og tæki, olíuvörur, iðnaðarvörur, matv.
 Helstu útflutningslönd: USA, Bretland, V-Þýskal., Noregur
 Helstu innflutningslönd: V-Þýskal., Bretland, Danmörk, Svíþjóð, Sovétr., Noregur, USA
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 16%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðism: 20%
 Ungbarnadauði á þús.fædd: 11,3
 Ævilíkur: 74,5 ár
 Ólæsi: Ekkert
 Stjórnskipan: Lýðveldi
 Þjóðhöfðingi: Dr.Kristján Eldjárn


ÁLFAÐ I HEILD

Flatarmál: 20,447 þús km²
 Fólksfjöldi: 350 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,7%
 Íbúar á km²: 17
 Íbúar í þéttbýli: Ca 60%
 Vinnuafli í landbúnaði: Ca 40%
 HPF: 384 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 1,066 US\$
 Tekjudreifing: Fátekustu 50% fá 13% af þjóðartekjunum
 Ríkustu 5% fá 34% af þjóðartekjunum



MEXICO

Flatarmál: 1973 þús. km²
 Fólksfjöldi: 65,5 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3,4%
 Íbúar á km²: 34
 Höfuðborg: Mexicoborg 13,1 miljón
 Íbúar í þéttbýli: 64%
 Vinnuafli í landbúnaði: 39%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HÞF): 71,2 miljarðar US\$
 HÞF á íbúa: 1190 US\$
 Árleg aukning HÞF á íbúa: 1,2%
 Helstu atvinnugreinar: Hefðbundin jarðyrkja, landbúnaðarframleiðsla til útflutnings, námu- og málmvinnsla, olíuiðnaður, ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Sykur, baðmull, kaffi, bíla-hlutir, jarðgas, jarðolía
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, vélahlutar, gerfiefni
 Helstu útflutningslönd: USA, Japan, V-Þýskaland, Brasilía
 Helstu innflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Japan
 Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 14% af þjóðartekjum
 ríkustu 5% fá 29% af þjóðartekjum
 Hluttur launþega af þjóðartekjum: 33%
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 9%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 3%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 48
 Evilíkur: 64 ár
 Ólæsi: 24%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Sambandslýðveldi
 Þjóðhöfðingi: José López Portillo




Menningarþjóðfélag Mayanna var fyrsta stórveldið í Mið-Ameríku. Ræktun maís og önnur jarðyrkja var undirstaðan og tengdust trúarbrögð frjóssemi. Dagatal Mayanna var þá það fullkomnasta í heiminum. Talið er að eitthvert þéttbýli hafi tekið að myndast um 1300 f.k., blómaskeið Mayamenningarinnar var svo frá 300 til 900. Eftir það og allt til er Aztekarnir koma var mikill órói í Mið-Ameríku. Þeir ríktu yfir mörgum þjóðum og voru auk þess í stöðugum styrjöldum við nágranna vegna daglegra mannfórna, svo að sólin kæmi upp næsta dag. Prestar Aztekanna sögðu að guð einn hvítur og skeggjaður, sem rekin var í útleigð, myndi snúa aftur. Mikil óvissa ríkti þegar Cortés og félagar komu, hvort fara ætti á móti þeim, því hver vissi nema hann væri guð þessi og fylgdarlið hans? Þessi trú varð m.a. til þess að Cortés vann auðveldlega Mið-Ameríku. Stofnuð var nýlendan Núi-Spánn, sem náði yfir Mið-Ameríku og það sem nú er suðvestur-fylki USA. Námuvinnsla var aðaltekjulind nýlenduherranna og mest var unnið af silfri. Spánverjar misstu tök sín á nýlendum sínum við innrás Frakka í Spán 1808. Skömmu seinna hóf prestur að nafni Hidalgo uppreisn með stuðningi alþýðu, en hún var barin niður. 1821 komst kreólinn Itúrhíde til valda, gerðist keisari og lýsti Mexico sjálfstætt. Lýðveldi var stofnað 1824 og var mikill órói í landinu næstu áratuginna.

Enskumalandi menn lýstu yfir sjálfstæði Texas 1835. 10 árum seinna báðu þeir um upptöku í Bandaríkin. Mexico mótmælti og varð stríð milli ríkjanna. Bandarískur her hertók Mexicoborg og þvingaði stjórnina til samninga. Þar með missti Mexico það landsvæði, sem nú er suðvesturfylki Bandaríkjanna. Þá komst til valda indíáninn Juárez. Varð þriggja ára borgarastyrjöld um umbótastefnu hans, sem var a) lýðræðislegri stjórnarhættir og b) framfarir í atvinnu- og efnahagsmálum. Höfðu umbótasinnar betur. Frakkar hertóku landið þegar Juárez stöðvaði greiðslur af erlendum lánum. Frakkar settu Maximilian prins af Habsborg sem keisara. Juárez hrakti Frakka burt. Eftir uppreisn 1876 komst indíáninn Díaz til valda og ríkti í 34 ár. Hann stjórnaði af mikilli grímd og hörku. Efnahagsstefna hans var stórkapítalismi og erlent fjármagn streymdi til landsins. Bylting braust út 1910. Eftir mikla styrjöld og bræðravíg komst Carranza til valda. Lét hann myrða Zapata, sem einnig hafði barist gegn ríkjandi skipulagi. Í stjórnarskrá sem þá var samín, var ítarleg verkalyðs-löggjöf og ákvæði um að allt land væri eign ríkisins og þar með ákvæði um landnýtingu. Hinn frjálslyndi Obregón steypti Carranza af stóli og var kjörinn forseti 1920 og þar með var byltingunni lokið. Áratugurinn eftir byltinguna einkenndist af efnahags- og félagslegum framförum og spennu milli kirkju og stjórnvalda. Til að mynda fór kirkjan í verkfall, en fékk engu framgengt. Á þessu tímabili var þjóðlegi byltingarflokkurinn (PNR) stofnaður og hefur síðan verið ríkjandi afl í stjórnmálum Mexicana. 1934 var Lazaro Cárdenas kosinn forseti. Hans fyrsta verk var að hreinsa til í stjórnkerfinu, sem þá var orðið ansi spillt. Hann þjóðnýtti olíufélögin og deildi stjórn hans um 18 milljónum hektara meðal bænda. Nafn Cárdenas hefur ætíð síðan verið sveipað ljóma í hugum alþýðu Mexico. Síðan Cárdenas lét af völdum 1940 hefur PRI (áður PNR) sífellt hallast til hægri, að undanskildum árunum 1958 - 1964 er López Mateos var við völd. Hann stóð meðal annars gegn því að Cúba væri rekin úr Samtökum Ameríkuríkja. Horfið hefur verið frá landbúnaðarstefnu Cárdenasar en tekin upp vélvæddur búskapur með litlum mannafla á stórum einingum. Áburður og kynbætt afbrigði ásamt vélvæðingu auka framleiðni og er mikið framleitt fyrir erlendan markað. Árið 1966 voru sett lög til að minnihlutinn ætti fulltrúa á þingi, því engin stjórnarandstaða var. 1967 fékk PRI þó öll sæti í efri deild. Stúdentadeirðir brutust út 1968 og beindust mótmælin gegn aðgerðaleysi stjórnvalda, lögum um "félagslega upplausn", fangelsun andstöðinga stjórnarinnar og að stjórnin hefði sagt skilið við allar byltingarhugsjónir sem hún taldi sig í orði kveðnu styðja. Mikil iðnaðarútpensla hefur orðið síðustu 10 árin og raforkuframleiðsla hefur fjórfaldast. Fjölbreytilegum heimilistækja-iðnað hefur vaxið fiskur um hrygg vegna tollaverndar og fyrir vikið á Mexico erfitt með að starfa að fullu innan Fríverslunarsamtaka Rómönsku Ameríku.

GUATEMALA

Flatarmál: 109 þús. km²
 Fólksfjöldi: 6,8 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3%
 Íbúar á km²: 62
 Höfuðborg: Guatemalaborg, 1 miljón
 Íbúar í þéttbýli: 37%
 Vinnuafli í landbúnaði: 57%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 5,5 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 898 US\$
 Helstu atvinnugreinar: Planteikrúbúskapur, hefðbundin jarðyrkja, matvælaíðnaður, ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Kaffi, baðmull, bananar
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, bílar, vefnaður
 Helstu útflutningslönd: USA, El Salvador, V-Þýskaland, Japan
 Helstu innflutningslönd: USA, Japan, V-Þýskaland, El Salvador, Venezuela
 Hlutfurð launþega af þjóðartekjum: 33%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 16%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 10%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 76
 Ávilíkur: 56 ár
 Ólæsi: 53%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi undir herstjórn
 Þjóðhöfðingi: Romeo herhöfðingi Lucas Garcia




Guatemala var spænsk nýlenda frá því 1524. Nýlendustjórnin var mjög dæmigerð, ekki varð mikil framför á sviði efnahags- eða menningarmála. Það var svo í kjölfar frelsisstríðsins í Mexíco að Guatemala ásamt öðrum löndum Mið-Ameríku lýstu yfir sjálfstæði 1821. Þessi lönd voru undir sameiginlegri stjórn, sem síðar varð Bandaríki Mið-Ameríku.

Það varð svo með byltingu árið 1871 að samgöngukerfi, menntakerfi, heilbrigðiskerfi og bæt看 efnahagslíf, fór að líta dagsins ljós, en þó voru á sama tíma mannréttindi höfð að endu. Einræðisstjórnir sátu að völdum þar til í október 1944, en þá hafði fólkið fengið sig full satt af stjórnarháttum þeirra. Eftir uppreisn var Juan Arévalo kjörinn forseti og hóf hann brátt viðtækar umbætur, afnam nauðungarvinnu á planteikrum, hækkaði lágmarkslaun og kom á frjálslýndri verkalyðslöggjöf. Hann reyndi jafnframt að losa efnahagslífið úr greipum United Fruit Company, en gekk lítið. Landbúnaður var mikilvægasta atvinnugreinin á þessum sem öðrum tímum í Guatemala. 1951 var J. Arbenz Guzmán kjörinn forseti, hann beitti sér fyrir umbótum í landbúnaði, gerði upptæk stór landsvæði U.F.C. og deildi þeim niður meðal alþýðu. Innrás var gerð í landið með stuðningi C.I.A. við nokkra hershöfðingja, árið 1954. U.F.C. fékk aftur fyrri lönd. Síðan hefur landið oftast verið undir stjórn herforingja. Skæruliðar hafa haft sig nokkuð í frammi. Efnahagur Guatemala byggir að mestu á landbúnaði, og er kaffi og bananar þar efst á blaði. Einnig er nokkur námuvinnsla og skógarhögg. 85% eru indíánar eða mestízar, 10% hvítir og 5% svertingjar.

HONDURAS

Flatarmál: 112 þús. km²
 Fólksfjöldi: 3,4 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3,5%
 Íbúar á km²: 30
 Höfuðborg: Tegucigalpa, 0,3 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 37%
 Vinnuafli í landbúnaði: 30%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 1,4 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 514 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 1,5%
 Helstu atvinnugreinar: Hefðbundin jarðyrkja, skógarhögg, ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Bananar, kaffi, timbur, fryst kjöt, baunir
 Helstu innflutningsvörur: Hráolía, bílar, gerviefni, vélar og tæki, pappír
 Helstu útflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Canada, Guatemala
 Helstu innflutningslönd: USA, Venezuela, Japan, Guatemala
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 19%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 11%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 60
 Ávilíkur: 56 ár
 Ólæsi: 42%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi undir herstjórn
 Þjóðhöfðingi: Policarpo Paz Garcia hersh.



Áður en hvíti maðurinn kom til Mið-Ameríku var Hondúras hluti af heima-landi Maya Indíána. Á fyrri hluta nýlendutímans var Hondúras undir stjórn vísikónsins í Mexíco en síðari hlutann undir stjórn spænska landstjórnans í Guatemala.

5.nóv 1838 var landið lýst sjálfstætt lýðveldi og fyrsti forseti þess var Francisco Ferrera. Stjórnarmál í Hondúras hafa einkennst mjög mikið af þeim efnahagsátökum sem bandarískir auðhringir hafa átt í landinu, enda þótt þau hafi farið minnkandi hin síðari ár. Þessi risafyrirtæki, United Fruit Company og Standard Fruit Company, hafa haft um 5% alls ræktanlegs lands sem að mestu hefur verið nýtt til bananarektar. Samgöngur um landið eru mjög frumstæðar, vegir fáir, járnbrautakerfið að mestu leyti eign erlendu fyrirtækjanna. Sama má segja um hafnarmannvirkin, sem fyrirtækin nota fyrst og fremst til eigin þarfa. Landbúnaður er langstærsti atvinnuvegurinn, en framleiðni er þó mjög lítil. Í dag ríkir herforingjastjórn og hefur hún lofað kosningum í landinu 1980.

NICARAGUA



Flatarmál: 139 þús. km²
 Fólksfjöldi: 2,5 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3,3%
 Íbúar á km²: 18
 Höfuðborg: Managua, 0,6 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 51%
 Vinnuafli í landbúnaði: 46%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 2,0 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 857 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 2,4%
 Helstu atvinnugreinar: Plantekrúbúskapur, kvikfjárrækt, fiskveiðar, ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Baðmull, kjöt, kaffi
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, tæki, bílar, járn, stál, hráolía
 Helstu útflutningslönd: USA, Japan, Costa Rica
 Helstu innflutningslönd: USA, Guatemala, Japan, Costa Rica
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 13%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 12%

Ungbarnadauði á þús. fædd:35
 Evilíkur: 53 ár
 Ólæsi: 47%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi
 Þjóðhöfðingi: ?

"Stjórnarskrá Nicaragua gerir ekki ráð fyrir þeim möguleika að forsetinn geti sagt af sér,...því hef ég ekki í hyggju að brjóta lögin"

Anastasio Somoza

Fyrsta mið-ameríska nýlendan sem komst fullkomlega í hendur Spánverja var Nicaragua. Í kjölfar mikilla sjálfstæðisræringa um 1820 lýsti Nicaragua yfir sjálfstæði árið 1821. Á árunum 1826-1838 var landið aðili að Bandaríkjunum Mið-Ameríku. Þó að landið hefði sagt sig úr bandalaginu varð sjálfstæði landsins varla meira en nafnið tómt sökum mikillar óeiningar innanlands sem greiddi fyrir erlendri íhlutun.

Áhugi Bandaríkjanna á Nicaragua var kveiktur þegar gull fannst í Kaliforníu. Hugðust þeir grafa skipaskurð í gegnum landið og samkvæmt Bryan-Chamorro samningnum, sem gerður var 1914, afhentu þeir Nicaragua 3 miljónir dollara fyrir réttinn til að grafa skurðinn og koma upp flotastöð í landinu. Höfu Bandaríkjamenn nú veruleg afskipti af innanlandsmálum og studdu m.a. Adolfo Díaz til valda. Reyndar má segja að Nicaragua hafi óbeint verið stjórnað frá Washington á árunum 1912-1933 vegna mikilla afskipta þeirra af efnahagslífi landsins.

Á þriðja áratugnum geisaði borgarastyrjöld í Nicaragua. Þar áttust við annars vegar herinn, studdur af Bandaríkjamönnum, og stjórn Adolfo Díaz og hinsvegar bændaherinn undir forystu Augusto Cesar Sandino. Eftir mikil átök töldu Bandaríkjamenn sig örugga í sessi og drógu herinn til baka árið 1933. Komu þeir á fót innlendu þjóðvarðliði og settu Anastasio "Tacho" Somoza yfirmann þess. Hann afrek-aði að láta drepa Sandino árið 1934 og ekki leið á löngu þar til honum tókst að bola burt forsetanum líka og sölsaði hann undir sig embættið 1936.

Hófst þá einræði Somoza-ættarinnar sem varði nær samfelld í 40 ár. Þennan tíma lágu allir helstu þræðir efnahagslífsins í höndum fjölskyldunnar. Sem dæmi um það má nefna að fjölskyldan átti 364 fyrirtæki og svaraði það til um 40% af umfangi efnahagslífsins. Hagaði hann líka byggingu vega, útlánum banka og öðru slíku eftir þörfum eigin fyrirtækja. Skýrir það m.a. andstöðu borgarastéttarinnar gegn Somoza.

Somoza var myrtur 1956 og tók þá fljótlega við sonur hans Anastasio Somoza Debayle. Andstaðan gegn Somoza fór stöðugt vaxandi. Fjórði hver maður var atvinnulaus, yfir 3/4 hlutar barna þjáðust af naringarskort og sjaldgæft var að menn yrðu eldri en fimmtugir. Fjöldi baráttuhreyfinga var myndaður og sameinuðust þær í eina fylkingu, Sandinistahreyfinguna, sem formlega var stofnuð árið 1962. Er hún kennd við Sandino, þann sem veitti bændahernum forystu á fyrri hluta aldarinnar. Í hreyfingunni sameinuðust öll þau öfl sem voru andstæð Somoza, allt frá alþýðufólki til vel stæðra borgara, sem ekki fengu tækifæri til að bera blóm sín sökum veldis Somoza. Meginuppistaðan í hreyfingunni var þó menntamenn af miðstéttarættum og alþýðufólk. Frá stofnun samtakanna héldu þau uppi skæruháðri gegn stjórninni sem náði hámarki í allsherjarverkfalli í janúar síðastliðnum, sem um 90% þjóðarinnar tók þátt í. Þegar líða tók á árið breyttust baráttuaðferðir hreyfingarinnar og tekinn var upp vígstöðvahernaður. Samfara því fór smám saman að halla undan fæti fyrir Somoza og loks kom að því að Bandaríkjamenn sáu sér ekki lengur fært að púka upp á Somoza öllu lengur. Fyrir tilstilli Bandaríkjamanna var gerður samningur á milli hinna stríðandi aðila sem meðal annars fól í sér vopnahlé og viðræður um nýjan her, skipaðan mönnum bæði úr Þjóðvarðliðinu og Sandinistahernum. Tilgangur Bandaríkjamanna með samningnum var að tryggja sem minnstar breytingar á valdahlutföllunum í landinu. Bandaríkjamönnum til sárrar gremju, rufu bandamenn Somoza samninginn með að neita að afhenda bráðabirgðastjórninni völdin. Eftir tæplega tveggja daga bardaga, hinn 19. júlí, unnu Sandinistar fullan sigur. Somoza sagði af sér, tæmdi Aðalbankann og Landsbankann í Managua og flaug til Flórída. Síðast fréttist af honum á skemmtisiglingu um Bahamaeyjarnar.

Þrátt fyrir unna bardaga er mikið ógert og mörg vandamál óleyst. Efnahagsástandið er í molum, borgir landsins í rústum, iðnaðurinn og landbúnaðurinn í flakandi sárnum og naringarskortur, sjúkdómar og heimilisleysi þjaka þjóðina.

Stjórnin er skipuð bæði róttæku og borgaralegu fólki og löggjafarvaldið er í höndum 33 manna þings. Stjórnin fylgir hlutleysisstefnu í utanríkismálum og telur ekki tímabært að skapa sér ákveðna hugmyndafræðilega stefnu. Það helsta sem hún hefur komið í verk hingað til er að þjóðnýta eignir Somoza.

EKKI er ljóst hvert stefnir í Nicaragua á næstunni. Vinstri mönnum finnst stjórnin ekki nógu róttæk en kirkjunni og hægri mönnum þykir hún í róttækara lagi.

EL SALVADOR


Flatarmál: 21 þús. km²
 Fólksfjöldi: 4,5 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3%
 Íbúar á km²: 214
 Höfuðborg: San Salvador 0,8 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 43%
 Vinnuafli í landbúnaði: 37%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 45 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 603 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 2%
 Helstu atvinnugreinar: Planteikrúbúskapur, hefðbundin jarðyrkja, neysluvöru-
 iðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Kaffi, bómull, efnaiðnaður
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, korn, járn, stál, eldsneyti, samgöngu-
 tæki, tilbúinn áburður
 Helstu útflutningslönd: USA, V-Pýskaland, Guatemala
 Helstu innflutningslönd: USA, Japan, Guatemala, V-Pýskaland
 Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 15% af þjóðartekjum
 Ríkustu 5% fá 33% af þjóðartekjum
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 23%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 5%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 59
 Ævilíkur: 61 ár
 Ólæsi: 41%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi undir herstjórn
 Forseti Carlos Humberto Romero hershöfðingi



El Salvador var lýst sjálfstætt árið 1856. Landið er byggt af Indíánum. El Salvador er eina Mið-Ameríkuríkið sem ekki á land að Atlantshafi, Guatemala og Hondúras liggja að norðan, austan og sunnan verðu. Kyrrahafsströndin og undirlendið þar upp af eru helsta undirlendi landsins. Samgöngur um landið eru mjög góðar og stafar það m.a. af því að Ameríska þjóðbrautin liggur eftir endilöngu landinu og út frá henni miðast samgöngukerfið. Eins og í flestum nágranna-
 ríkjunum er landbúnaður helsti atvinnuvegurinn. Talið er að um 50 auðugar fjölskyldur af óblönduðum spænskum uppruna, ráði lögum og lofum í landbúnaðnum og eigi um helming alls ræktanlegs lands. Fáar þjóðir eru jafn háðar einni afurð og El Salvador kaffinu. Allt stjórnmálalíf hefur verið og er mjög róstursamt. Lengi vel gerðist það að grannríkin hlutuðust til um innanríkismál í El Salvador. 1931 gerði herinn byltingu í landinu vegna þess að horfur voru á lýðræðislegum stjórnarháttum, hinir auðugu landeigendur hafa þannig með hjálp hersins drottnað yfir lands-
 lýð. Hín síðari ár hafa litlar breytingar orðið á stjórnarháttum,

COSTA RICA

Flatarmál: 51 þús. km²
 Fólksfjöldi: 2,2 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,4 %
 Íbúar á km²: 43
 Höfuðborg: San José 0,6 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 44%
 Vinnuafli í landbúnaði: 46%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPF): 2,1 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 1048 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 2,9%
 Helstu atvinnugreinar: Planteikrúbúskapur, kvikfjárrækt,
 ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Bananar, kaffi, kjöt, sykur
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, bílar, járn,
 stál, pappír, hrá-
 olía, tilbúinn áburður
 Helstu útflutningslönd: USA, V-Pýskaland,
 Guatemala, El Salvador
 Helstu innflutningslönd: USA, Japan, Guatemala
 Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 17% af þjóðartekjum
 Ríkustu 5% fá 35% af þjóðartekjum
 Hluttur launþega af þjóðartekjum: 64%
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 32%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 5%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 37
 Ævilíkur: 69 ár
 Ólæsi: 12%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi
 Þjóðhöfðingi: Rodrigo Carazo



Costa Rica var syðst og afskekktast þeirra héraða, sem á síðari hluta nýlendutímans heyrðu undir landstjórnann í Guatemala. Indíánar voru fáir í landinu, og snemma skapast í Costa Rica sterk, hvít smábændastétt.

Á árunum 1824-1838 var Costa Rica hluti af Bandaríkjunum Mið-Ameríku, en hefur verið sjálfstætt lýðveldi síðan 1838. Þá voru íbúar landsins 80 þús., flestir hvítir og margir nýkomnir, evrópskir innflytjendur.

Landbúnaður hefur ávallt verið aðalatvinnuvegur landsmanna, og kaffi, sykur og síðar bananar verið burðarásinn í útflutningi landsins.

Erlend auðfélög s.s. United Fruit, hafa verið allsterk í landinu, en stjórnvöldum í Costa Rica hefur löngum tekist öðrum betur að hafa hemil á auðfélögum.

Stjórnmálaþróunin í Costa Rica hefur einkennst af meiri stöðugleika en títt er í þessum heimshluta, og harðstjórnar hafa verið fáir í sögu landsins og kosningar verið ótrúlega heiðarlegar. Á síðustu áratugum hefur Costa Rica oft verið helsti griðastaður pólitískra flóttamanna í álfunni. Þá hafa stjórnvöld Costa Rica gjarnan fylgt þeirri megin stefnu að halda alþjóðlegum auðfélögum svo og róttækum, innlendum hreyfingum í skefjum.

PANAMÁ

Flatarmál: 76 þús. km²
 Fólksfjöldi: 1,8 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,9%
 Íbúar á km²: 24
 Höfuðborg: Panamá, 0,6 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 52%
 Vinnuafli í landbúnaði: 34%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF)
 2,3 miljarðar US\$

HPF á íbúa: 1270 US\$

Árleg aukning HPF á íbúa: 0,6%

Helstu atvinnugreinar: Þjónusta við Skurðinn,
 plantekrubúskapur, olíuvinnsla, siglingar

Helstu útflutningsvörur: Bananar, unnin olía, rækjur

Helstu innflutningsvörur: Hraólia, vélar, bílar,
 matvörur, gerviefni

Helstu útflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Ítalía

Helstu innflutningslönd: USA, Venezuela, Ecuador,
 Japan

Hluttur launþega af þjóðartekjum: 61%

Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 14%

Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 6%

Ungbarnadauði á þús. fædd: 37

Ævilíkur: 67 ár

Ólæsi: 20%

Opinbert mál: Spanska

Stjórnskipan: Lýðveldi

Þjóðhöfðingi: Aristides Royo



Panamá var áður hluti af Colombíu. Verslun og flutningar frá Atlantshafi til Kyrrahafsstranda Ameríku hafa farið um Panamáeiðið, allt frá tímum Spánverjanna. Árið 1855 byggðu bandarískir aðilar járnbraut yfir eiðið. Uppúr 1900 hófu Bandaríkjamenn samninga við Colombíu um ræmu fyrir skipa-skurð gegnum eiðið, en colombíska þingið felldi samninginn. 1903 gerðu herforingjar í Panamaborg uppreisn og lýstu yfir sjálfstæði Panamá. Þrem dögum síðar viðurkenndu Bandaríkin stjórnina og sendu sjóliða til að ábyrgjast sjálfstæði landsins. Þá voru íbúar 200.000. Bandaríkjamenn gerðu samning við Panamá, sem hljóðaði m.a. upp á að Bandaríkin fengju 10 mílna breiða ræmu til eigin afnota, til fullrar eignar um aldur og ævi, og byggðu þeir þá skipaskurð, sem var opnaður 1914. Í stjórnarskránni 1904 var m.a. klausa, sem heimilar Bandaríkjunum íhlutun í innanríkismálum Panamá. Bandaríkjamenn fóru með löggæslu í Panamaborg og Colón fram til 1936, en er þeir lögðu niður löggæslu hvöttu þeir til stofnunar þjóðvarðliðs, sem hefur öðru hvoru gripið inn í stjórn landsins. Skurðurinn hefur verið aðaltekjulind Panamá, en þær tekjur eru bæði árlegar greiðslur frá Bandaríkjunum og hluti af gróða af skurðinum. Árið 1968 tók þjóðvarðliðið völdin og er enn við völd. Samningar við Bandaríkin 1977 kveða á um að Panamá fái full yfirráð yfir skurðinum árið 2000. Bandaríkjamenn áskilja sér þó rétt til að tryggja sér afnot af skurðinum um ókomna framtíð. 1. okt. 1979 fékk Panamá yfirráð yfir landi því er að skurðinum liggur, og áður var eign Bandaríkjanna. Það hefur því verið skurðurinn sjálfur, stjórn hans og efnahagslegt mikilvægi, ásamt með nærveru Bandaríkjamanna, sem frá upphafi hafa mótað stjórnsmálaátökin í Panamá og gera enn.

JAMAICA



Flatarmál: 11 þús. km²

Fólksfjöldi: 2,1 miljón

Fólksfjölgun á ári: 1,5%

Íbúar á km²: 190

Höfuðborg: Kingston, 0,7 miljónir

Íbúar í þéttbýli: 56%

Vinnuafli í landbúnaði: 31%

Heildar þjóðarframleiðsla (HPF): 2,6 miljarðar US\$

HPF á íbúa: 1.290 US\$

Árleg aukning HPF á íbúa: -2,3%

Helstu atvinnugreinar: Jarðefnaíðnaður, akuryrkja, ferða-
 mannaíðnaður, lettur iðnaður

Helstu útflutningsvörur: Alumíummoxíð, boxíð, sykur,
 bananar, iðnaðarvörur

Helstu innflutningsvörur: Matvörur, vélar og tæki, bílar

Helstu útflutningslönd: USA, Bretland, V-Indíur

Helstu innflutningslönd: USA, Bretland, Kanada

Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 15%

Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 3%

Ungbarnadauði á þús. fædd: 24

Ævilíkur: 70 ár

Ólæsi: 18%

Opinbert mál: Enska

Stjórnskipan: Sjálfstætt ríki innan breska samveldisins


Þjóðhöfðingi: Elísabet II.

Spánverjar fundu Jamaica árið 1494 og settu þar landstjóra sinn. Innfæddir dóu út og voru svertingjar fluttir inn í þeirra stað og er það uppistaðan í þeim kynþætti, sem nú byggir landið.

Bretar hernámu landið 1655, lauk þá afskiptum Spánverja af eyinni. Þegar þetta gerist eru fyrir á eyinni um 3 þús. íbúar. Það segir svo ekki af Jamaica fyrr en 1672, en þá verður landið að miðstöð þrælaverslunar Englend-inga. Um 1800 eru í landinu margir þrælar og er þá hagur Jamaica vænn. Bretar afnámu þrælaverslunina 1807, við það drógu ræktendur mjög úr at- höfnum sínum, sökum aukins kostnaðar við framleiðsluna.

Á tímabilinu 1884 til 1957 koma fram margvíslegar breytingar á stjórnar- háttum landsins. Voru þær flestar gerðar í þeim tilgangi að hafa betri stjórn á innanríkismálum. Bældar voru niður uppreisnir og komið í veg fyrir annað það sem gæti raskað breskum yfirráðum á eyinni. 1958 til 1962 var Jamaica kjarni Vestur Indíu Bandalagsins, en kaus síðan sjálfstæði innan breska Samveldisins. Efnahagur Jamaica byggist á ræktun sykurs og banana, á vinnslu úr heimsins mestu boxíðnámmum og svo á ferðamannastraumi. Á 6. og 7. áratugnum var hröð efnahagsþróun á Jamaica, en síðan um 1970 hefur ástandið versnað ört. Greiðsluhalli er mikill og atvinnuleysi alvarlegt. Menntun er ábótavant, glæpatíðni há og skortur á nauðsynjavörum.

CUBA



Helstu innflutningsvörur: Vélar, samgöngutaki,
 jarðolía, gerviefni, matvörur

Helstu útflutningslönd: Sovétríkin, Japan, Spánn, A-Pýskaland
 Helstu innflutningslönd: Sovétríkin, Japan, Frakkland, V-Pýskaland

Hlutf. ríkisútgjalda til menntamála: 14 %

Hlutf. ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 10%

Ungbarnadauði á þús. fædd: 29


Ólæsi: Innan við 1%

Ævilíkur: 70 ár

Stjórnskipan: Sósíalískt lýðveldi

Þjóðhöfðingi: Osvaldo Dorticos

Forsætisráðherra og formaður kommúnistaflokksins: Fidel Cástro




Spánverjar leysa vinnuafllsskortinn

Kólabus kom til Cubu árið 1492. Vegna legu sinnar varð eyjan Spánverjum mjög mikilvæg. Þaðan fóru þeir í landránsferðir um álfuna og Cuba varð viðkomustaður og birgðastöð Spánverja þegar þeir fóru til og frá Ameríku. Aðalátvinnuvegur nýlendutímans var landbúnaður, einkum plantekrúbúskapur byggður á ræktun sykurs og tóbaks, en vinnuaflið var innfluttur þrælur frá Afríku. Efnahagur Cubu var slæmur allan nýlendutímann og fram til 1824 var öll verslun í höndum Spánverja. Óánægja Cubumanna með stjórnarfarið kom oft í ljós og á 19. öld háðu þeir tvívegis blóðugar styrjaldir gegn Spánverjum. Sjálfstæðisbarátta hófst seint á Cubu, en árið 1892 var Cubanski byltingarherinn stofnaður og 1895 hófst frelsisbarátta. Spánverjar fóru halloka í styrjöldinni en árið 1898, þegar hyllti undir sigur Cubu, sprakk bandaríska herskipið Maine í loft upp í höfninni í Havanna. Það varð til þess að Bandaríkin gerðust aðilar að stríðinu gegn Spáni, sem lauk með sigri Bandaríkjanna árið 1898. Bandaríkin sátu með her sinn á Cubu fram til ársins 1902, en þá kom fyrsta þing Cubu saman og tók við stjórninni að nafninu til. Árið 1903 samþykkti stjórn Cubu samning, sem heimilaði Bandaríkjunum íhlutun í stjórn eyjarinnar og rétt til að hafa þar herstöð, sem komið var upp í Guantánamo á suðurodda eyjarinnar og þar er hún enn. Á næstu þrem áratugum var Cubu að mestu stjórnað frá Washington og her Bandaríkjanna var sífellt viðbúinn að grípa stjórnartaumana. Helsti atvinnuvegurinn var eftir sem áður sykurrækt, sem allt sitt átti undir Bandaríkjamarkaði og varð eyjan því mjög háð þeim efnahagslega. Harðstjórinn Gerardo Machado, oft kallaður "slátrari" ríkti á Cubu árin 1925-1934. Með aðstoð U.S.A. var gerð uppreisn gegn Machado árið 1934 og hann flémdur úr landi. Við tók annar einræðisherra, Fulgencio Batista, og ríkti hann eða leppar hans fram til 1959.

Það ár urðu algjör straumhvörf á Cubu þegar Fidel Castro komst til valda með byltingu. Castro lagði mesta áherslu á umbætur í landbúnaði og hlaut það góðar undirtektir á Cubu þar sem meginþorri íbúanna voru leigubændur. Bandaríkin voru frá upphafi andvíg stjórn Castros, bæði vegna kommúnistískrar stefnu hans og vegna ótta við áhrif byltingarinnar á efnahagslega hagsmuni þeirra. Andúð U.S.A. í garð byltingarinnar kom fyrir alvöru í ljós þegar þjóðnýtingarstefna Castros fullkomnaðist og lagt var hald á eignir Bandaríkjanna á Cubu en í lok ársins 1960 hafði stjórn Castros lagt hald á bandarískar eignir að verðmæti u.þ.b. 1 milljarð dollara. Á fyrstu þrem árum stjórnar Castros féllu verslunarviðskipti milli Cubu og U.S.A. úr 1 milljarði dollara niður í nánast ekki neitt. Sífellt í deilan milli landanna, í janúar 1961 slitu Bandaríkin stjórn-málasambandi við Cubu og í apríl sama ár gerði CIA hina frægu Svínaflóainnrás, sem misheppnaðist. Að kröfu Bandaríkjanna var Cubu vísað úr Samtökum Ameríku-ríkja, OAS, í janúar 1963. Af þessum ástæðum þarf engan að undra þótt tengsl Cubu við kommúnistaríki Austur-Evrópu og einkum Sovétríkin hafi orðið nán. Þaðan fékk Cuba tæknilega aðstoð, vopn til að verja sig með og þar opnaðist nýr markaður fyrir útflutningsvörur eyjarinnar. Alvarlegasta deilan, sem upp hefur komið vegna stjórnarfars á Cubu, reis árið 1962 þegar Kennedy þáverandi forseti U.S.A. taldi heimsfriðnum stafa ógn af sovískum eldflaugum á Cubu. Deilan endaði með því að Sovétríkin tóku eldflaugar sínar og heimsfriðnum var borgið í bili.

Á stjórnarárum Castros hefur orðið mikil breyting á atvinnuháttum, en hvað mest í landbúnaði, sem enn er undirstöðuatvinnugrein á Cubu og ræður þar mestu um að leiguokur á smábændum er úr sögunni. Iðnaður hefur einnig eflst og olíu-vinnsla hefur aukist. Lífskjör fólks hafa batnað mikið, einkum vegna aukinnar og ódýrari félagslegrar þjónustu og menntunar. Fyrir byltinguna var húsakostur Cububúa mjög lélegur, heilbrigðismál í ölestri og tæp 40% íbúanna voru ólæsir. Ofangreind vandamál eru nú að mestu úr sögunni en sérstaklega hefur mennta-kerfið tekið miklum framförum. Hvernig sem mönnum líka stjórnarhættir Castros, verður ekki gengið framhjá því að honum hefur tekist að brjóta ísinn hvað varðar þjóðfélagsuppbyggingu eftir annarri fyrirmynd en áður þekktist í Rómönsku Ame-ríku og með því haft áhrif á stjórnmalapróun í allri álfunni.

HAITI



Flatarmál: 28 þús. km²
 Fólksfjöldi: 5,5 milljónir
 Fólkfjölguð á ári: 2,4%
 Íbúar á km²: 196
 Höfuðborg: Port-au-Prince, 0,6 milljónir
 Íbúar í þéttbýli: 23%
 Vinnuafli í landbúnaði: 30%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HDP): 1,0 milljarður US\$

HDP á íbúa: 210 US\$
 Árleg aukning HDP á íbúa: 1,3%
 Helstu atvinnugreinar: Hefðbundin jarðyrkja, samsetningar-iðnaður, ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Iðnaðarvörur, kaffi, sykurl, boxíð
 Helstu innflutningsvörur: Matvörur, vélar, vefnaðarvörur, olíuvörur, bílar, iðnaðarhræfni
 Helstu útflutningslönd: Belgía, Frakkland, Luxemburg
 Helstu innflutningslönd: USA, Japan, Kanada
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 11%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 15%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 150
 Ávilíkur: 49 ár
 Ólæsi: 75%
 Opinbert mál: Franska
 Stjórnskipan: Einræði
 Þjóðhöfðingi: Jean-Claude Duvalier



Haiti er á vestri hluta eyjarinnar Hispaniola í Karabíska hafinu, og er að mestu byggð svertíngjum. Frakkar náðu Haiti árið 1697 frá Spánverjum. Undir lok nýlendutímans var Haiti arðbærasta nýlenda Frakka og átti sykurlinn stærstan þátt í því. Franska byltingin hafði fljótt áhrif á Haiti og þar hófust fyrstu sjálfstæðishreyfingarnar í álfunni. Varð Haiti sjálfstætt 1804.

Á 19. öldinni ríkti mikið stjórnsleysi. Hver byltingin rak aðra og allt var í eynd og volæði. Illdeilurnar á milli málattaaðalsins og svörtu alþýðunnar bættu ekki ástandið. Mikið framleiðsluhrun varð og sem dæmi um það má nefna að sykurlframleiðslan, sem var 82 milljón kíló 1791, fór niður í 1000 kíló 1825. Mestur hluti landsmanna lifir enn af landbúnaði, sem er mjög frumstaður. Landþrengsli hamla mjög framförum og er varla að fólk tóri af skikum sínum. Lífili iðnaður er í landinu og síðustu ár hefur ferðamannastraumurinn aukist mikið.

Stuttu eftir aldamótin 1900 tók bandaríski flotinn völdin í landinu. Þeir settu landinu stjórnskrá og tóku í sínar hendur alla skattheimtu og fjármál. Drógu þeir sig til baka á fjórða áratugnum, en Haiti er eftir sem áður mjög háð Bandaríkjunum efnahagslega. Eftir að Bandaríkjamenn fóru ríkti hinir ýmsu forsetar og árið 1957 komst svartur læknir, François Duvalier, öðru nafni Papa Doc, til valda. Hann lét kjósa sig ævilangt og hélt uppi hinni ægilegustu grimmdarstjórn allt til áviloka 1971. Til þess notaði hann óspart hinn illræmda einkaher sinn "Tonton macoutes".

Þegar Papa Doc dó, tók við sonur hans Jean-Claude 19 ára, sem forseti ævilangt. Stjórn hans er ekki næstum eins grimmileg og föður hans. En efnahagslegar framfarir hafa síður en svo aukist. Erlend auðfélög streyma inn og fá ódýran vinnukraft. Þetta leiðir til þess að Haiti verður að háðari erlendum aðilum. Ekki er séð fram á neinar afgerandi breytingar á högum fólksins, hvorki efnahagslegar né félagslegar.



DOMINIKANSKA LÝÐVELDIÐ



Flatarmál: 48 þús. km²
 Fólksfjöldi: 5.7 milljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3,4%
 Íbúar á km²: 118
 Höfuðborg: Santo Domingo
 Íbúar í þéttbýli: 46%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPF):
 4,1 milljarður US\$
 HPF á íbúa: 837 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 5%
 Helstu atvinnugreinar: Planteikrúbúskapur, málm-
 vinnsla, matvælaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Sykur, nikkel, kaffi,
 boxíð, kakó, tóbak
 Helstu innflutningsvörur: Hveiti, olíuvörur, vélar,
 járn og stál, gerviefni
 Helstu útflutningslönd: USA, Japan, Holland
 Helstu innflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Sviss
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 13%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 16%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 41
 Evilíkur: 58 ár
 Ólæsi: 23%
 Opinbert mál: Spanska
 Stjórnskipan: Lýðveldi
 Þjóðhöfðingi: Antonio Guzmán



Dominikanska lýðveldið nær yfir eystri hluta eyjarinnar Hispaniola og þekur 2/3 hluta hennar. Kólabus fann eyjuna í fyrstu vesturför sinni árið 1492 og hún varð fyrsta aðsetur Spánverja í Vesturheimi. Hvorki gull né aðrir eðalmálmur finnst á eyinni og því fór svo að eftir landvinninga Spánverja í Mexíco, minnkaði búseta þeirra á Hispaniola svo mikið að þeir gáfu vesturhluta eyjarinnar hreinlega upp á bátinn.

Frakkar settust að á vesturhlutanum og Spánverjar létu hann af hendi við þá árið 1697. Árið 1795, meðan á Napóleonsstríðunum stóð, létu Spánverjar Santo Domingo einnig af hendi við Frakka svo öll eyjan var í þeirra höndum.

Dominíkanar komu aftur á spænskum yfirráðum í landinu árið 1809, en því var stjórnað frá Haiti árin 1822-1844 en þá var lýðveldið stofnað.

Einræði einkenndi stjórnarfarið og byltingar og stríð við Haiti tröðlriðu landinu. Árið 1861 varð Dominikanska lýðveldið aftur að spænskri nýlendu, en endurheimti sjálfstæði sitt 1865.

Í kjölfar óstöðugs stjórnarfars kom ringulreið í fjármálum, en þar áttu Bandaríkin hagsmuna að gæta, þar sem auðfélög þaðan höfðu fjárfest í hinum mikilvæga sykuriðnaði landsins.


Erlendar skuldir hlóðust upp og árið 1907 varð þessi skuldasöfnun ástæða fyrir Bandaríkjastríðni til að taka stjórn lýðveldisins í sínar hendur. Ófriður fylgdi í kjölfar þessa og árið 1916 sendu Bandaríkin herskipafloata á vettvang til að kveða hann niður. Sá floti var kallaður heim árið 1924 og upp úr drógu Bandaríkin sig í hlé frá beinni stjórn, en tollamál og utanríkisverslun voru í þeirra höndum fram til 1940.

Einræðisherrann Rafael Trujillo kom til valda með byltingu árið 1930 og segja má að hann hafi eignast það af landinu sem bandarísk fyrirtæki voru ekki með á sínum snærum, því hann, vinir hans eða fjölskyldumeðlimir, stjórnðu öllum atvinnufyrirtækjum í ríkinu. Trujillo var hinn mesti harðstjóri og óspar á að lífláta menn ef hann grunaði þá um andstöðu gegn sér. Veldi hans lauk árið 1961 en þá var hann myrtur og fólkið gerði uppreisn gegn væntanlegri stjórn sonar hans, sem flýði þá úr landi.

Árið 1962 var Juan Bosch kosinn forseti en steypt af hernum 10 mánuðum síðar. Árið 1965 var gerð enn ein herforingjauppreisn og Juan Bosch þá kallaður heim úr útlegð. Þessu valdatafli fylgdi hinn mesti glundroði og enn þótti Bandaríkjunum tími til kominn að taka í taumana og gerðu innrás í landið.

Innrás þessi mæltist mjög illa fyrir á alþjóðavettvangi og Bandaríkin drógu lið sítt smám saman til baka. Síðustu hermenn þaðan héldu heim árið 1966.

Síðan þá hefur oltið á ýmsu í landinu og erfiðlega gengið að rétta við lélegan efnahag þess. Hægrimenn hafa mestmegnis farið með völd og notið fulltingis hersins.



BAHAMAS



Flatarmál: 14 þús. Km²
Fólksfjöldi: 220 þús.
Fólksfjölgun á ári: 4,1%
Íbúar á Km²: 14

Höfuðborg: Nassau, 108 þús.

Helstu atvinnugreinar: Ferðamannaíðnaður, olíuhreinsun

Heildar þjóðarframleiðsla (HÞF): 0,7 milljarðar US\$

HÞF á íbúa: 3320 US\$

Helstu útflutningsvörur: Olíuvörur, sement, gerfiefni

Helstu innflutningsvörur: Jarðolía, matvörur, fullunnar-vörur

Helstu útflutningslönd: USA, Kanada

Helstu innflutningslönd: USA, Bretland, S-Arabía

Hlutf. ríkisútgjalda til menntamála: 20%

Hlutf. ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 13%

Ungbarnadauði á þús. fædd: 38

Ólæsi: Lítið

Opinbert mál: Enska

Stjórnskipan: Sjálfstætt ríki innan breska samveldisins

Þjóðhöfðingi: Elísabet II

Forsætisráðherra: Lynden O. Pindling

Bahamas tekur yfir nokkur hundruð eyjar, en byggð er aðeins á um 30 þeirra

Á árunum 1492-1508 fluttu Spánverjar um 40 þús Indjána frá eyjunum, til Haití og Dóminíkanska Lýðveldisins.

Bretar settust þar að á 17 öld, en þær urðu fyrir sífelldum árásum Frakka og Spánverja þar til árið 1783 er réttur Breta til yfirráða var staðfestur.

Bretar fluttu með sér mikinn fjölda af þælum til Bahamas, og er þælahald var afnumið 1838 var talið að um 85% íbúa hafi verið blökkumenn.

Nú býr nálega helmingur íbúanna í Nassau á eyrni New Providence.

Árið 1964 fengu eyjarnar sjálfstæði í innanríkismálum, en fullt sjálfstæði ekki fyrr en 1973.

Eyjaskeggjar lifa nær eingöngu á ferðamönnum, en eitthvað fást þeir við úrvinnsliðnað, svo sem olíuhreinsun o.f.l.

DOMINICA

Flatarmál: 770 Km²

Fólksfjöldi: 84 þús.

Fólksfjölgun á ári: 2,6%

Íbúar á Km²: 110

Höfuðborg: Roseau, 18 þús.

Vinnuafli í landbúnaði: 37%

Helstu atvinnugreinar: Planteikrubúskapur

Helstu útflutningsvörur: Bananar, kókoshnetur, greipaldin, citrusávextir

Helstu innflutningsvörur: Sement, korn, fiskur, olíuvörur

Helstu útflutningslönd: Bretland, USA

Helstu innflutningslönd: Bretland, USA, Kanada

Ungbarnadauði á þús. fædd: 38

Ólæsi: Lítið

Opinbert mál: Enska

Stjórnskipan: Sjálfstætt ríki

innan Breska

Samveldisins

Þjóðhöfðingi: Elísabet II



Columbus fann Dominica árið 1493. Þorri íbúanna eru svertingjar, afkomendur Afríkuþræla. Auk þeirra búa á eyjunni nokkur hundruð Karíbar, afkomendur frumbyggja landsins.

Í lok 17. aldar varð eyjan bresk nýlenda. Dominica gerðist aðili að Vestur Indía Sambandinu árið 1958, sem var svo leyst upp með ákvörðun breskra stjórnvalda 1962.

Árið 1967 gerði eyjan síðan samning við Bretland um fullt sjálfstæði í eigin málum, en jafnframt játaðist hún undir áframhaldandi yfirráð Breta og skyldi landstjórinn vera æðsti maður ríkisins og fara jafnframt með umboð bresku stjórnarinnar. Eyjan fékk algjört sjálfstæði innan Breska Samveldisins 3. nóvember 1978.

BARBADOS

Flatarmál: 430 km²
 Fólksfjöldi: 260 þús.
 Fólksfjölgun á ári: 0,6%
 Íbúar á km²: 580
 Höfuðborg: Bridgetown, 92 þús.
 Íbúar í þéttbýli: 46%
 Vinnuafli í landbúnaði: 21%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 0,4 miljarðar US \$.
 HPF á íbúa: 1654 US \$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 2,5%
 Helstu atvinnugreinar: Planteikrúbúskapur, ferðamannaíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Sykur, melassi, romm
 Helstu innflutningsvörur: Íðnaðarvörur, matvörur
 Helstu útflutningslönd: Bretland, USA, Vestur- Indíur,
 Kanada
 Helstu innflutningslönd: Bretland, USA, Vestur- Indíur
 Kanada
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 22%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 14%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 29
 Ævilíkur: 69 ár
 Ólæsi: 6%
 Opinbert mál: Enska
 Stjórnskipulag: Sjálfstætt ríki innan Breska Samveldisins
 Þjóðhöfðingi: Elísabet II
 J.M.Adams forsætisráðherra



Eyjan Barbados, sem er eitt stórt kóralrif, var byggð indíánum er Spánverjar komu fyrst til eyjarinnar árið 1518. Þrælkuðu Spánverjar innfædda og herleiddu þá til annarra eyja. Þegar Bretar komu þangað árið 1625 var eyjan mannlau. Þeir eignuðu sér eyna og héldu henni allt til 1966, en þá varð Barbados sjálfstætt ríki innan Breska Samveldisins. Bretar fluttu snemma svarta þræla til Barbados til vinnu á sykurekum, og blökkumenn hafa ávallt síðan verið í miklum meirihluta á eyinni. Efnahagsbygging eyjarinnar breyttist óverulega við afnám, þrælshaldsins. Planteikruræktun sykurs hélt áfram sem undirstaða efnahagslífsins. Sykurinn hefur verið meira virði fyrir íbúa Barbados en fiskurinn fyrir okkur. Vegna náttúrufegurðar eyjarinnar hafa ferðamenn heimsótt eyna í vaxandi mæli nú undanfarið. Hefur það skapað vissu öryggi í efnahagslífinu. Pólitíkin á eyinni hefur verið með eindæmum róleg og stöðug. Löggjöfin er ein sú elsta í heiminum og þingið er frá 1639. Óskir um sjálfstjórn komu fyrst fram um 1876. Það var helst á kreppuárunum sem óróa gætti í þjóðmálum en þá var gífurleg fólksfjölgun, offramleiðsla á sykri og atvinnuleysi. Þá fengu þeir efnahagsaðstoð frá Bretum, sem kom málunum aftur í samt lag. Eyjan varð sjálfstæð árið 1966. Þess má geta að Barbados er eitt þéttbýlasta ríki í heimi, tæplega 600 manns á km².

ST. LUCIA

Flatarmál: 616 Km.²
 Fólksfjöldi: 118 þús.
 Íbúar á Km.²: 191
 Höfuðborg: Castries, 38 þús.
 Vinnuafli í landbúnaði: 35%
 Helstu atvinnugreinar: Planteikrúbúskapur
 Helstu útflutningsvörur: Bananar, kópra, cítrusávéxtir
 Helstu innflutningsvörur: Íðnaðarvörur, matvörur
 Helstu útflutningslönd: Bretland, V-Indíur
 Helstu innflutningslönd: Bretland, Kanada, USA
 Ólæsi: Lítið
 Ungbarnadauði á þús.fædd: 43
 Opinbert mál: Enska
 Stjórnskipan: Sjálfstætt ríki
 innan Breska
 Samveldisins
 Þjóðhöfðingi: Elísabet II



1794 tóku Bretar St.Luciu af Frökkum í stríði er þessi lönd háðu sín í milli. Ári síðar tókst Frökkum að endurheimta eyjuna en til lítils, því 1796 tókst Bretum enn einu sinni að ná henni í sínar hendur. 1815 varð St.Lucia svo endanlega bresk nýlenda. Íbúar St.Luciu eru flestir katólskir og tala kreólsku. St.Lucia gerðist árið 1958 aðili að Vestur Indía Sambandinu, sem var svo leyst upp með ákvörðun breskra stjórnvalda árið 1962. 1967 gerði St.Lucia samning við Bretland um fullt sjálfstæði í eigin málum en jafnframt játaðist hún undir áframhaldandi yfirráð Breta og skyldi landstjórnin vera æðsti maður ríkisins og fara jafnframt með umboð bresku stjórnarinnar. Eyjan fékk síðan algjört sjálfstæði innan Breska Samveldisins í febrúar 1979

GRENADA

Flatarmál: 344 km²
 Fólksfjöldi: 115 þús.
 Fólksfjöldgyn á ári: 0,5%
 Íbúar á km²: 300
 Höfuðborg: St. George's, 25 þús.
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPP): 0,05
 miljarðar US\$

HPP á íbúa 440 US\$

Helstu atvinnugreinar: Ferðamennaiðnaður,
 plantekrubúskapur

Helstu útflutningsvörur: Bananar, múskathnetur,
 kakóbaunir

Helstu innflutningsvörur: Korn, bílar, tilbúinn áburður Martinique

Helsta útflutningsland: Stóra-Bretland


Helsta innflutningsland: Stóra-Bretland

Opinbert mál: Enska

Stjórnskipulag: Sjálfstætt ríki innan breska
 samveldisins

Þjóðhöfðingi: Elísabet II

Grenada er eldfjallaeyja og því í
 mörgu lík Íslandi, há fjöll og
 fallegt landslag. Columbus kom til
 eyjarinnar árið 1498 án þess að
 gera hana að spánskrri nýlendu.
 Bretar komu þangað fyrst árið 1627
 og settust þar að. En hún var ekki
 lengi eign Breta því Frakkar slógu
 eign sinni á hana. Síðan hefur hún
 gengið kaupum og sölum milli
 þessara nýlenduvalda. Að lokum
 hafnaði hún þó í eigu Breta. Grenada
 var í Vestur-Indía Sambandinu 1958 -
 1962 ásamt með eyjum úr eyjaklösum
 Kulborðs- og Hléborðseyja. Landbúnaður
 er helsta atvinnugrein, auk þess sem
 aukinn straumur ferðamanna gefur miklar
 tekjur. Eyjan fékk sjálfstæði innan Breska
 Samveldisins 1974 og frá þeim tíma stýrði
 forsætisráðherrann E. Gairy eyinni af talsverðri
 hörku. Honum var stept í mars 1979. Atvinnu-
 leysi er hroðalegt (60%) og lifa eyjarskeggjar
 að verulegu leyti á breskri efnahagsaðstoð.



TRINIDAD OG TOBAGO

Flatarmál: 5 þús. Km²
 Fólksfjöldi: 1,2 miljónir
 Fólksfjöldgyn á ári: 1,3%
 Íbúar á Km²: 220
 Höfuðborg: Port of Spain, 0,2 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 58%
 Vinnuafl í landbúnaði: 20%
 Heildar þjóðarframleiðsla: (HPP) 1,8 miljarðar US\$
 HPP á íbúa: 1560 US\$

Árleg aukning HPP á íbúa: 1,0%

Helstu atvinnugreinar: Olíuiðnaður, plantekrubúskapur
 ferðamennaiðnaður

Helstu útflutningsvörur: Unnar olíuvörur, efnavörur,
 sykur

Helstu innflutningsvörur: Jarðolía, matvörur

Helstu útflutningslönd: USA, Bretland, V-Indíur, Holland

Helstu innflutningslönd: Venezuela, Bretland, USA, Japan

Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 21%

Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 11%

Ungbarnadauði á þús. fædd: 30


Ævilíkur: 69 ár

Ólæsi: 5%

Opinbert mál: Enska

Stjórnskipan: Lýðveldi, hluti af Breska samveldinu

Þjóðhöfðingi: Sir Ellis Clarke, forseti



Trinidad og Tobago er sjálfstætt ríki innan breska samveldisins. Það tekur yfir
 tvær eyjar undan strönd Venezuela. 47% íbúanna eru af afrísku bergi brotnir, en
 36% af indverskum kynstofni.

Trinidad, er Kolumbus fann árið 1498, var fyrrum spænskt yfirráðasvæði, en enskt
 herlið hernam það árið 1797. Bretar gerðu síðan samning við Spánverja árið 1802
 sem veitti Bretum yfirráðarétt eyjanna.

Tobago var fengin Englendingum í hendur árið 1824. Um árabíl var Tobago undir
 sameiginlegri stjórn með Windward Islands (Kulborðseyjum), en árið 1889 var hún
 sameinuð Trinidad. Hinn 31. ágúst 1962 fengu eyjarnar sjálfstæði.

Trinidad er þriðji stærsti olíuframleiðandinn innan breska samveldisins, og þar
 er unninn töluverður hluti asfaltsframleiðslunnar í heiminum. Aðal iðnaðurinn
 er á sviði olíuhreinsunar og sykurvinslu.

COLOMBIA

Flatarmál: 1138 þús. km²
 Fólksfjöldi: 26 milljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,4%
 Íbúar á km²: 23
 Höfuðborg: Bogotá, 4,5 milljónir
 Íbúar í þéttbýli: 64%
 Vinnuafli í landbúnaði: 44%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPF): 15,1
 milljarðar
 US\$

HPF á íbúa: 611 US\$

Helstu atvinnugreinar: Plantekrubúskapur,
 hefðbundin jarðyrkja,
 olíuvinnsla, vefnaðariðja,
 léttur iðnaður

Helstu útflutningsvörur: Kaffi, hráolía, eldsneyti,
 sykurl, baðmull, bananar

Helstu innflutningsvörur: Vélar, samgöngutæki
 efnavörur, korn

Helstu útflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Holland,
 Svíþjóð

Helstu innflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Japan,
 Ecuador

Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 14% af þjóðartekjum
 Ríkustu 5% fá 40% af þjóðartekjum

Hluttur launþega af þjóðartekjum: 44%

Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 19%

Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 8%


Ungbarnadauði á þús. fædd: 75

Ævilíkur: 59 ár

Opinbert mál: Spanska

Stjórnskipan: Lýðveldi

Þjóðhöfðingi: Julio Cesar Turbay



Hin rómaða frelsishetja, Simon Bolívar, leysti Colombíu undan veldi Spánarkonungs árið 1819. Var Colombia þá kjarni stærra svæðis er til töldust einnig Venezuela, Ecuador og Panamá, svæðis sem frelsishetjan hugsaði sem fyrsta skref í sameiningu Ameríkuríkja. Árið 1830 slitu Venezuela og Ecuador sambandinu og varð þá til sú Colombia er við í dag þekkjum að Panamá meðtöldu.

Nyrsti hluti Andesfjallgarðsins liggur gegnum Colombíu. Þrír hryggir hans skipta landinu í fjórar sjálfstæðar einingar sem sökum erfiðra samgangna, áttu fátt sameiginlegt fyrr en á þessari öld.

Árið 1903 gerðu nokkrir herforingjar í Panamáborg uppreisn að undirlagi Bandaríkjamanna, sem skömmu síðar gerðust yfirboðarar Panamá. Hefur Colombíu-mönnum síðan reynst erfitt að setta sig við missinn.

Tveir flokkar hafa einokað stjórnkerfi Colombíu allt frá 4. tug 19. aldar, Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndiflokkurinn. Á pappírnum hefur verið mikill munur á flokkunum en sáralítill í verki. Í 50 ár, frá 1880 til 1930, sá Íhaldsflokkurinn um stjórn landsins. Hann setti sterka miðstjórn og jók vald forseta. Landeigendur, her og kirkja héldu forréttindum sínum í hvívetna. Kirkjan fékk alla stjórnun menntamála í sínar hendur með lagasetningu 1886. Lengi má deila um hvaða afleiðingar slíkt getur haft. Í tíð Íhaldsflokksins var bandarísk fjárfesting aukin til muna í landinu, eins og títt var(er) í þessum heimshluta. Þýddi það batnandi þjóðarhag í vissum skilningi. Má sem dæmi nefna að kaffi-framleiðsla Colombíu nam allt að fjórðungi heimsframleiðslunnar. Árið 1930 hrundi veldi Íhaldsflokksins í kjölfar heimskreppunnar miklu. Orsökina var aðallega óstjórnleg upphleðsla kaffibirgða. Tóku þá frjálslyndir við völdum. Stóðu þeir fyrir einhverjum "vinstri" umbótum, m.a. tóku skólakerfið úr höndum kirkju og bættu laun verkafólks.

Árið 1946 klofnaði Frjálslyndiflokkurinn. Olli það því að Íhaldsflokkurinn komst til valda. Borgarastyrjöld, sem innfæddir kalla "La Violencia", fylgdi í kjölfar stjórnskiptanna og síðan hin versta ógnarstjórn herforingjans Rojas Pinillas. Árið 1957 sameinuðust flokkarnir tveir, Frjálslyndi- og Íhaldsflokkurinn í baráttu sinni gegn Pinillas, sömdu þeir um að sitja til skiptis, 4 ár í senn, og skildi samningurinn gilda til 1974. Að 10 árum liðnum, 1968, hafði þróunin orðið sú að við völd voru hægfare Íhaldsmenn og hægri hluti frjálslyndra. Samsteypur sem þessi hafa yfirleitt orsakað myndun mótvægisafila og sú varð raunin. Öfgahópar bæði til hægri og vinstri mynduðust og skæru-hernaður varð daglegt brauð.

Nafnkunnasti baráttumaður vinstri vængsins var presturinn, þjóðfélagsfræðingurinn og háskólakennarinn Camilo Torres. Hann snerist öndverður gegn ríkjandi stjórnarformi og hvatti til algerra umskipta. Harðar ádeilur hans á kirkjuna vöktu megnustu andúð kirkjunnar feðra á honum. Þarf það ekki að sæta furðu því áhrif páfastóls eru á fáum stöðum eins sterk og í Colombíu. Torres gekk í lið með skæruliðum 1965 og féll í þeirra hópi, fyrir kúlum stórnarhermanna semma árs 1966. Orð hans hafa haft mikil áhrif bæði innan og utan kirkjunnar.


Skæruhermaður er nú barinn niður af ógnar hörku og svonefndir "manndræpsflokkar" skipulagðir af stjórnvöldum, fara í útrýmingarleiðangra um hálendissvæðin og drepa allt mannlegt sem á vegi verður.

Þrátt fyrir öra iðnaðaruppbyggingu síðustu áratugi og auknar þjóðartekjur, hefur bilið milli ríkra og snauðra ekkert minnkað. Má því búast við áframhaldandi baráttu skæruliða fyrir réttlátara þjóðfélagi og bættum hag almennings.

VENEZUELA

Flatarmál: 899 þús. km
 Fólksfjöldi: 13,7 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3,3%
 Íbúar á km²: 15
 Höfuðborg: Caracas, 2,4 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 76%
 Vinnuafli í landbúnaði: 19%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HÞF): 26,7 miljarðar US\$
 US\$

HÞF á íbúa: 2085 US\$
 Árleg aukning HÞF á íbúa: 2,5%
 Helstu atvinnugreinar: Olíuifnaður, léttur iðnaður, olíuefnaður, járn- og stál-iðnaður, hefðbundin jarðyrkja
 Helstu útflutningsvörur: Jarðolía, unnar olíuvörur, járn
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, tæki, bílar, efnavörur, hveiti, pappírsvörur
 Helstu útflutningslönd: USA, Kanada, Bretland
 Helstu innflutningslönd: USA, V-Þýskaland, Japan, Ítalía
 Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 14% af þjóðartekjum
 Ríkustu 5% fá 27% af þjóðartekjum
 Hluttur launþega af þjóðartekjum: 57%
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 14%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 5%
 Ungbarnadaði á þús. fædd: 45
 Ævilíkur: 66 ár
 Ólæsi: 18%
 Opinbert mál: Spanska
 Stjórnskipan: Sambandslýðveldi
 Þjóðhöfðingi: Luis Herrera Campins



Fram til 1810 var Venezuela spænsk nýlenda. Landið var ekki auðugt að málum en þar var miðstöð perluköfunar. Árið 1810 var stjórn Spánverja steypt. Að verki vorur auðugir kreólskir landeigendur, undir forystu Simónar Bolívar. Skömmu síðar lýstu þeir formlega yfir sjálfstæði landsins og birtu stjórnarskrá sem studdist við vestrænar frjálsbyggjuhugmyndir, sem enga þýðingu höfðu fyrir hina pólitískt óþroskuðu og óupplýstu landsmenn. Sjálfstæðisbaráttunni lauk ekki fyrr en 1821 en þá tókst Bolívar og félögum að koma Spánverjum endanlega úr landi.

Árið 1908 komst Juan Vicente Gómez til valda. Í stjórnartíð hans hófu bandarísk, bresk og hollensk fyrirtæki olíuvinnslu í andinu. Gómez var klókur samningamaður og gætti þess vel að ríkið og hann sjálfur fengju sinn hlut af gróðanum. Gómez hélt völdum til dauðadags, 1935, í krafti ríkistekna og velvilja hersins.


Fyrstu frjálsu kosningarnar voru haldnar í Venezuela árið 1945. Flokkurinn Acción Democrática komst þá til valda, undir forystu Rómulos Betancourts. Stjórnin innleiddi nýja stjórnarskrá, þar sem ríkisvaldinu var heimilað að þjóðnýta olíuvinnsluna og lögð var áhersla á þjóðfélagslöggjöf. Boðuð var röttæ landbúnaðarstefna og þegar skattlagning olíuvinnslunar var stóraukin var afturhaldsöflunum nóg boðið og herinn tók völdin. Að 10 árum liðnum komst Acción Democrática aftur til valda. Stjórnin réðist strax á olíufélögin og hóf umbætur í þjóðfélagsmálum. Flokkurinn klofnaði vegna ágreings um utanríkismál og stjórnin fór frá völdum árið 1968. Síðan þá hefur stjórnmalalífið verið nokkuð stöðugt á yfirborðinu þó að ólgi undir niðri.

Síðan olíuævintýrið mikla hófst hafa efnahagsmálin byggst á olíunni. Árið 1970 var stærsta olíuhreinsunarstöð heims tekin í notkun í Venezuela. Þjóðartekjur á mann hafa verið mun hærrí í Venezuela en í öðrum ríkjum álfunnar. Þó er þar ef til vill að finna skarpari andstaður; sárari fátækt og meira ríkidæmi en annarsstaðar í álfunni.

GUYANA

Flatarmál: 215 þús. km²
 Fólksfjöldi: 0,8 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,0%
 Íbúar á km²: 4
 Höfuðborg: Georgetown, 0,3 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 42%
 Vinnuafli í landbúnaði: 30%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HÞF): 0,5 miljarðar US\$
 HÞF á íbúa: 560 US\$
 Árleg aukning HÞF á íbúa: 0,5%

Helstu atvinnugreinar: Plantekrubúskapur, námavinnsla
 Helstu útflutningsvörur: Boxið, áloxíð, sykur, rís
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, olíuvörur, mjólkurvörur, vefnaðarvörur
 Helstu útflutningslönd: USA, Bretland, Vestur-Indíur, Kanada
 Helstu innflutningslönd: USA, Bretland, Vestur-Indíur, Kanada
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 17%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 6%
 Ungbarnadaði á þús. fædd: 40
 Ævilíkur: 68 ár
 Ólæsi: 18%
 Stjórnskipan: "Samvinnu" lýðveldi
 Þjóðhöfðingi: Arthur Chung
 Forsætisráðherra: L. Forbes S. Burnham



Guyana varð hollensk nýlenda á 17. öld. Það sem nú er Guyana var hernumið af Bretum og skilið frá Surinam um 1810. Sykkurrækt, sem til að byrja með grundvallaðist á vinnu svartra þræla, varð eftir afnám þrælahaldsins í höndum innfluttra verkamanna frá Indlandi.

Í dag eru það svertingjar annarsvegar og indverjar hinsvegar sem mynda þá tvo pólitísku flokka sem berjast um völdin. Báðir flokkarnir styðja miðstýrt efnahagskerfi, aukin ríkisafskipti af stórfyrirtækjunum og landbúnað aðskilinn frá sjálfspurftarþúskap. Efnahagurinn byggist á sykkurrækt og í auknum mæli á hrísgrjónarækt. Þjóðnýting er stefnumál beggja flokka og í dag eru 80% af efnahagskerfinu í ríkisumsjá, þar á meðal boxiðnám og áliðnaður landsins. Þrátt fyrir þessa sameiginlegu stefnu næst ekki þjóðarsamstaða eða pólitísk eining til að framkvæma stefnu-málin. Ástaðuna er að finna í kynþáttaágreiningi, sem liggur sem mara á þjóðinni.

Fordómar kynþáttanna hvor á öðrum, koma m.a. fram á stéttaskiptingu, ólíkum trúarbrögðum, litlum samskiptum milli hópanna og í þeirri mynd sem hvor hópurinn hefur skapað sér af hinum.

SURINAM

Flatarmál: 163 þús. km²
Fólksfjöldi: 405 þús
Fólksfjölgyn á ári: 2,5%
Íbúar á km²: 2,4

Höfuðborg: Paramaribo, 150 þús íbúar

Vinnuafli í landbúnaði: 50%

Heildar þjóðarframleiðsla, (HPF):
0,6 milljarðar US doll.

Árleg aukning HPF á íbúa: 2,3%

Helstu atvinnugreinar: Boxiðframleiðsla,
plantekrubúskapur

Helstu útflutningsvörur: Boxið, álóxið,
rís

Helstu innflutningsvörur: Iðnvarningur, olía

Helstu útflutningslönd: Niðurlönd, USA, Vesturþýska-
land, Noregur

Helstu innflutningslönd: USA, Niðurlönd, Trinidad-Tobago,
Japan

Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 14%

Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 10%

Ungbarnadaði á þús.fædd: 34

Ævilíkur: 63 ár

Opinbert mál: Hollenska

Stjórnskipan: Lýðveldi

Þjóðhöfðingi: Johan Ferrier

Forsætisráðherra: Henck Arron



Varanleg byggð komst ekki á í Súrínam fyrr en um miðja 17. öld, er Englendirar hófu þar sykkurækt á stórum plantekrum og fluttu inn vinnuafli frá Afríku. 1539 höfðu þó Spánverjar slegið eign sinni á landið og einnig fóru sögur af brótti hollenskra kaupmanna. 1667 eignuðust Hollendingar landið eftir viðskipti við Englendirar, sem fengu í landaleik þessum svæði það sem nú kallast New York.

Áhugaleysi og óstjórn einkenndu völd þeirra og þar kom að þeir misstu yfirráðin á ofanverðri 18. öld. Eftir uppgjör Napóleonsstýrjaldarinnar fengu Hollendingar landið aftur og gerðu að nýlendu sinni.

Er þrældómur lagðist af 1863 varð mikill skortur á vinnuafli en Hollendingar brugðust við vandanum með því að flytja til landsins fólk frá öðrum nýlendum sínum s.s. Indónesíu, svo og Kínverja og Indverja.

Friðsamleg sjálfstæðisbarátta hófst eftir 1945 og í des. 1954 varð ríkið fullvalda en frekari barátta leiddi svo til stofnunar lýðveldisins 1975.

Meginhluti hins mjög svo sundurleita hóps landsmanna vinnur nú við landbúnað, en eignarjarðir eru flestar litlar. Súrínamar eru 3. stærsti boxiðframleiðandinn í heiminum og með aukinni notkun vatnsorku, hefur fullvinnsla efnisins aukist mjög og þar með aukið tekjur lýðveldisins.

Margt virðist þó standa í vegi fyrir þessari þróun, s.s. erlendir meðeigendur álfélaga sem halda fast í sína hagsmuni.

PARAGUAY

Flatarmál: 407 þús. km²
Fólksfjöldi: 2,9 milljónir
Fólksfjölgyn á ári: 3,0%
Íbúar á km²: 7

Höfuðborg: Asunción, 0,6 milljónir

Íbúar í þéttbýli: 40%

Vinnuafli í landbúnaði: 55%

Heildar þjóðarframleiðsla (HPF): 1,5
milljarðar US\$

HPF á íbúa: 520 US\$

Árleg aukning HPF á íbúa: 3,1%

Helstu atvinnugreinar: Hefðbundin jarðyrkja,
kvikfjárrækt, skógar-
högg

Helstu útflutningsvörur: Kjöt, trévörur,
tóbak, jarðolía

Helstu innflutningsvörur: Vélar, bílar,
korn, bensín

Helstu útflutningslönd: Argentína,
V-Þýskaland, USA, Holland

Helstu innflutningslönd: USA, Argentína, V-Þýskaland,
Brasilía

Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 14%

Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 3%

Ungbarnadaði á þús.fædd: 55

Ævilíkur: 62 ár

Ólæsi: 20%

Opinbert mál: Spanska

Stjórnskipan: Lýðveldi, herforingjæinræði

Þjóðhöfðingi: Alfredo Stroessner, hersh.



Paraguay er einna vanþróaðasta ríki Rómönsku Ameríku og það næst fámennasta á meginlandi S-Ameríku. Landið liggur hvergi að sjó heldur er það umlukt stórveldum á alla kanta, hefur það skipt sköpum í sögu þess.

Á nýlendutímanum var svæðinu stjórnað af Jesúítum en þeir voru flæmdir burt 1767. 1811 lýsti Paraguay yfir sjálfstæði sínu:

López-feðgarnir voru við völd 1840-1870. 1867 hugðist sá yngri, Francisco Solano, leggja undir sig Brasilíu en Argentínu og Uruguay gengu í lið með Brasilíumönnum og virtist stefnan hafa verið sú að eyða Paraguay sem ríki. Paraguay hlaut hina verstu útreið og má sem dæmi nefna að fyrir stríð var íbúatala 1,337,439 en 1870, eftir stríð, var talan aðeins 250,000, þar af einungis 25,746 stálpaðir karlmenn. Paraguay hélt velli en segja má að landið hafi aldrei náð sér. Nú tóku við óaldartímar mikilla sviptinga í stjórnmálum og skiptust ýmsir forsetar á völdum en sátu flestir mjög stutt. 1932-38 átti Paraguay í stríði við Bólívíumenn um landamærahéraðið Chaco og lauk því með sigri Paraguay.

Á árunum milli 1938-54 hafði herinn töglin og hagldirnar í stjórn landsins Skiptust hershöfðingjar á að steypa hverjum öðrum af stóli. Bandaríkin treystu ítök sín í landinu á árum seinni heimstyrjaldarinnar, keyptu fyrirtæki, bættu samgöngur og sjúkráþjónustu. 1954 hrifsaði Alfredo Stroessner til sín völdin í upplausnarástandi er skapast hafði.

Situr hann enn að völdum og kallar sig forseta. Hann hefur látið fara fram kosningar en þær eru ætíð marklausar og stjórnar hann þjóðinni af mikilli harðneskju.

ECUADOR



Galápagos


Flatarmál: 271 þús.km²
 Fólksfjöldi: 7,6 milljónir
 Fólksfjölgun á ári: 3%
 Íbúar á km²: 28
 Höfuðborg: Quito, 0,8 milljónir
 Íbúar í þéttbýli: 43%
 Vinnuafli í landbúnaði: 52%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HDP):
 43 milljarðar US\$
 HDP á íbúa: 618 US\$
 Árleg aukning HDP á íbúa: 6%
 Helstu atvinnugreinar: Hefðbundin
 jarðyrkja, plantekrubúskapur,
 olíuvinnsla
 Helstu útflutningsvörur: Hráolía, bananar,
 kaffi, kakó
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, tæki,
 bílar, járn, stál, hveiti
 Helstu útflutningslönd: USA, Japan,
 V-Þýskaland
 Helstu innflutningslönd: USA, V-Þýskaland,
 Japan
 Hlutfurð launþega af þjóðartekjum: 51%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 29%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 6%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 72
 Evilíkur: 61 ár
 Ólæsi: 23%
 Opinbert mál: Spanska
 Stjórnskipan: Lýðveldi
 Þjóðhöfðingi: Jaime Roldós

Ecuador var spænsk nýlenda. Á 16. og 17. öld heyrði landið undir vísikónginn í Lima, en árið 1822 tókst hinum hvítu innfæddu, kreólunum, að gera uppreisn gegn Spánverjum með aðstoð Símónar Bolívar og félaga. Að unnum sigri, innlimaði Bolívar Ecuador í draumaríki sitt, Stór-Colombíu, ásamt Venezuela og Colombíu. Ríki þetta varð ekki langlíft, og árið 1830 stóð Ecuador á eigin fótum. Fljótlega fór að bera á togstreitu milli hins afturhaldssama sveitaaðals og frjálslyndra borgara og menntamanna. Þessi togstreita er enn þann dag í dag aðaleinkenni stjórnmálabaráttu í Ecuador.


Í byrjun 20. aldarinnar hófst ör efnahagsþróun í strandhéruðum landsins umhverfis hafnarborgina Guayaquil. Upphaflega var þar ræktað kakó til útflutnings í stórum stíl, en skæður plöntusjúkdómur eyddi kakóplöntunni í lok 3.áratugarins. Var þá tekin upp bananarækt í staðinn og nú er Ecuador meðal stærstu bananaútflutjenda veraldar. Í kjölfar þescarar þróunar hefur ýmiskonar iðnaður tekið sér bolfestu í Guayaquil, og í tengslum við inn- og útflutning hefur skapast þar sterk stétt verslunar- og athafnamanna. Atvinnuþróunin hefur einnig skapað nýja stétt verkafólks, bæði í Guayaquil og á bananaplantekrunum í nágrenni borgarinnar.

En uppi á hásléttunni er enn við lýði hið evrópska lénsskipulag miðalda. Atvinnubyltingin við ströndina hefur ekki haft nokkur minnstu áhrif á líf hins hálfánauðuga indíánska landbúnaðarfólks. Ræktarland er í eigu fárra landeigenda sem leigja hverri indíánafjölskyldu smáskika gegn allt að því helmingi uppskeru hennar. Afleiðingar þessa skipulags eru menntunarleysi, örþing og gífurlega léleg nýting ræktarlands. Hin pólitísku átök eru semsé á milli landaðalsins á hásléttunni og í höfuðborginni Quito, sem hingað til hefur haft betur, og kapitalistanna niðri í strandhéruðunum. Fjallaindíánarnir standa ennþá algerlega utan við baráttuna.


Að vísu komst fulltrúi borgaralegu aflanna, Jaime Roldós Aguilera til valda í aprílmánuði 1979. En herinn hefur ávallt haft síðasta orðið í Ecuador eins og í flestum öðrum ríkjum álfunnar, og ef Roldós reynir einhverjar róttækar umbætur, má búast við að vera hans í forsetaembættinu verði ekki löng.



PERÚ



Flatarmál: 1280 þús. Km²
 Fólksfjöldi: 16,8 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,8%
 Íbúar á Km²: 13
 Höfuðborg: Lima, 5,1 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 65%
 Vinnuafl í landbúnaði: 44%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 14,5 mjr US doll
 HPF á íbúa: 889 US doll
 Árleg aukning HPF á íbúa: 1,4%
 Helstu atvinnugreinar: Landbúnaður, fiskveiðar, fiskiðnaður, námagröftur og málmíðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Kopar og aðrir málmar, fiskimjöl, sykur og baðmull
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, tæki, korn, farar-tæki
 Helstu útflutningslönd: U.S.A., V-Þýskaland, Japan
 Helstu innflutningslönd: U.S.A., V-Þýskaland, Japan
 Hluttur launþega af þjóðartekjum: 44%
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 23%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 5%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 90
 Ævilíkur: 57 ár
 Ólesi: 23%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi undir herstjórn
 Þjóðhöfðingi: Francisco Morales Bermudez herhöfðingi



Uppreisnir Inkanna gegn Spánverjum voru tíðar á ofanverðri 18. öld. Hér sést leiðtogi einnar slíkrar Tupac Amaru II tekinn af lífi á hinn grimmilegasta hátt.

Í Perú var upphaf Inkaríkisins mikla. Lítið er vitað um uppruna Inkanna annað en það að þeir komu frá svæðum í kringum borgina Cuzco. Þjóðfélag þeirra var mjög nákvæmlega stéttskipt, en keisarinn Sapa Inca og aðalsbornir embættismenn stjórnðu landinu. Ríkið átti samt allt landið og deildi því niður á þegnana sem ræktuðu það í sameiningu. Háþrúð menning einkenndi þjóðfélag Inkanna, þeir höfðu fullkomið vegakerfi og ýmis listskópun var á mjög háu stigi, t.d. myndvefnaður og byggingalist. Uppgangur ríkisins var mestur á tímabilinu 1100 til 1532, en á síðustu öldinni stækkaði það mest, teygði sig yfir núverandi Perú og stóra hluta af Chile, Bólívíu og Ecuador. Huyana Capac, keisari Inkanna 1493-1525, átlaði að skipta ríkinu milli tveggja sona sinna, en dó áður en af því varð. Deilur spruttu upp milli bræðranna og urðu af þeim miklar innanlandserjur. Þetta ástand notfærðu Spánverjar sér og lögðu undir sig landið árið 1532, undir stjórn hins ágjarna Pizarro. Vegna þess hve landið er auðugt af verðmætum málum varð það mikilvægur þáttur í nýlendukerfi Spánverja, enda varð höfuðborg þess Lima miðstöð nýlenduvelðisins. Indjánar þurftu jafnan að þola slæma meðferð, þeir voru flæmdir burt af jörðum sínum, þrælkaðir í námum og menning þeirra brotin niður, en þar átti kirkjan drjúgan hlut. Nýlendutímabilið einkenndist því af hreinu aróraní og ekki er hægt að tala um neina uppbyggingu í landinu á þessum tíma.

Árið 1824, tókst Símon Bólívar að ná landinu undan yfirráðum Spánverja og lýðveldi var stofnað, en tíminn fram til 1845 einkenndist af mikilli óstjórn. Þá fóru með völdin svokallaðir "Caudillos" en þeir voru smáhöfðingjar sem áttu í sífelldum innbyrðis deilum og tímabilið líktist því einna helst samfelldri borgarastyrjöld. Kostnaður við hernað var auðvitað mikill, landið varð skuldugt og hagar landsmanna fór hríðversnandi.

Eftir 1845, í stjórnartíð Ramón Castilla, virtist ástandið ætla að skána. Castilla hafði ýmsar umbótahugmyndir og átlaði að greiða fyrir þær með afrakstri af gúanóvinnslu. Margt stóð þó í vegi fyrir þessu, vinnuafl vantaði því þrælahald hafði verið afnumið og meginhluti gróðans rann í vasa erlendra meðeiganda. Það litla sem fór til Perú lenti í vösum fárra eignamanna og engar saust úrbæturnar. Vinnsla gúanósins nægði engan veginn til að borga erlendar skuldir og eftir misheppnaðar framkvæmdir sem lagt var í 1868 var landið lýst gjaldþrota 1876. Ekki bætti það úr skák að Perú háði styrjöld við Spán 1876 og tók þátt í Kyrrahafsstyrjöldinni 1879-83. Eftir þessi stríð má segja að erlendir aðilar hafi komist yfir flest öll atvinnutæki í Perú. Árið 1919, komst í forsetastól með hjálp hersins, Augusto nokkur Leguía og þau 11 ár sem hann stjórnaði svo til einráður, einkenndust mjög af íhlutun stórbjóða, einkum þó Bandaríkjanna. Kjör landsmanna voru afar léleg, en á þessum tíma fór einnig verkalyðsbarátta að eflast, mest vegna aukinnar þátttöku mestíza, sem flestir eru verkamenn. Um 1920 kom fram róttækur og þjóðernissinnaður miðstéttarflokkur, APRA, undir stjórn Victor Haya de la Torre. Þessi flokkur beitti sér m.a. gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna, en fyrir sameiningu S-Ameríkuríkja, þjóðnýtingu jarða og jafnrétti allra landsmanna. Flokkurinn var bannaður lengi framan af og komst ekki óhindraður að fyrr en eftir 1945. Þá var APRA orðinn einkennilega hægriinnnaður og gömul loforð flest gleymd. Árið 1956 kom fram vinstriinnnaður flokkur AP sem eins konar mótvægi við APRA. AP setti málefni indjána mjög framarlega en þar sem þeir voru ekki kjörgengir höfðu þeir sem fyrr engin áhrif. Forsetakosningar fóru fram í Perú 1962 og virtist þá AP ætla að vinna, en áður en úrslit voru kunn, hrifsaði herinn völdin. Árið 1963 komst þó framþjóðandi þeirra, Belaúnde Terry, til valda vegna þrýstings frá Bandaríkjunum sem höfðu mótmælt valdatöku hersins. Lítið varð úr umbótatilraunum Belaúndes því hagrímenn sátu um að eyðileggja þær. Herinn tók völdin enn einu sinni árið 1968 undir stjórn Juan Velascos Alvarados hershöfðingja. Alvarado hafði einnig í frammi tilbúðri til að bæta lífskjör fólks en tókstoilla og stjórnartíð hans einkenndist mjög af pólitískum ofsóknum. Hann hvarf frá völdum árið 1975 og við tók annar hershöfðingi, litlu skárri, sem Bermudez heitir og er enn við völd.

BRASILIA




Flatarmál: 8512 þús. km²
 Fólksfjöldi: 120 miljónir
 Fólksfjölgun á ári: 2,8%
 Íbúar á km² : 14
 Höfuðborg: Brasília 1 miljón
 Íbúar í þéttbýli: 63%
 Vinnuafli í landbúnaði: 32%
 Heildarþjóðarframleiðsla (HPF): 123 miljarðar US \$
 HPF á íbúa: 1090 US \$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 6,5%
 Helstu atvinnugreinar: Plantekrubúskapur, hefðbundin jarðyrkja, bíla- og stál-
 iðnaður, vefnaðariðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Kaffi, járn, baðmull, sykur, kakó, sojabaunir
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, jarðolía, hveiti, bílhylur
 Helstu útflutningslönd: USA, Vestur-Þýskaland, Japan, Holland, Spánn
 Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 14% af þjóðartekjunum
 Ríkustu 5% fá 36% af þjóðartekjunum
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 8%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 3%
 Hluttur launþega af þjóðartekjum: 47%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 90-100
 Ævilíkur: 63 ár
 Ólæsi: ca. 25%
 Opinbert mál: Portúgalska
 Stjórnskipan: Lýðveldi undir herstjórn
 Þjóðhöfðingi: Jo. Baptista Figueiredo hershöfðingi


Portúgalir fundu Brasilíu árið 1500. Í upphafi lá þungamiðja byggðarinnar í NA-hluta landsins og stjórnaði þar fámenn stétt landeigenda. Þá var sykur-
 framleiðsla aðalvatvinnuvegurinn eða þar til verðfall sykurs á heimsmarkaði,
 aukin samkeppni sykurfarmleiðenda á eyjum karabíska hafsins, svo og fundur
 gulls efldi byggð sunnar. 1822 varð landið keisaradæmi portúgalsks prins.
 Engin vopnuð stjórnarbylting varð í Brasilíu gagnstætt því sem gerðist
 annars staðar í S-Ameríku í upphafi 19.aldar. Síðar varð kaffirækt aðal-
 atvinnuvegurinn og byggðin í kringum Sað Paulo óx hröðum skrefum.
 Þrælahaald var afnumið 1888 af keisara en hann missti embætti sitt vegna
 þessarar ákvörðunar ári síðar, einkum vegna þrýstings frá her og íhaldsömum
 eignamönnum.

1889 var fyrri lýðveldið stofnað að bandarískri fyrirmynd. Mikil pólitísk
 ókyrrð fylgdi í kjölfarið svo og flæði erlends fjármagns.
 Í upplausn heimskreppunnar eftir 1930 gerðist Getulio Vargas einræðisherra
 með hjálp hersins. Vargas var talinn slyngur stjórnandi og ekki eins
 harðneskjulegur og margir aðrir einræðisherrar. Hann jók miðstjórnarvaldið
 á kosnað fylkisstjóranna sem steyptu honum síðan af stóli með aðstoð hersins.
 Tímabilið 1945-64 einkenndist mjög af miklu rótleysi í efnahags- og þjóðmálum
 sem stöðugt leiddi til meiri ójafnaðar. Spilling í stjórnkerfinu jókst í réttu
 hlutfalli við verðbólguna og erlenda fjárfestingu í landinu. Ýmsir þjóðkjörnir
 forsetar s.s. Quadros höfðu áform um þjóðfélagslegar umbætur en þær strönduðu
 ávallt á hernum.

Herinn gerði byltingu 1964 og stefndi að eflingu iðnaðar, auknum útflutningi
 og baráttu við verðbólguna, sem var um 100%. Samkvæmt nýrri stjórnarskrá 1967
 var hernum gefið mikið framkvæmdaíald, en þingið gert áhrifalaust. 1968 var
 álitíð að baráttan við verðbólguna væri unnin og markar það ár upphaf
 brasilíska efnahagsundursins, sem stóð til 1974. Mikil eignatílfærsla var
 með fastsettum launum verkalyðs, styrkjum til atvinnuveganna og niðurfellingu
 tolla og skatta á útflutningsvarningi. Fjölþjóðahringar fjárfestu í landinu
 þar sem framleiðslukosnaður var lágur. Lántökur erlendis jukust og efnahags-
 kerfið var opið fyrir erlendum áhrifum. Almenn kreppa í hinum kapitalíska
 heimi markaði endalok efnahagsundursins árið 1974 og verðbólgan geysar enn
 á ný.



BOLIVIA



Flatarmál: 1099 þús.km²
 Fólksfjöldi: 5,7 milj
 Fólksfjölgun á ári: 2,6%
 Íbúar á km²: 5
 Höfuðborg: La Paz, 0,7 milj
 Íbúar í þéttbýli: 39%
 Vinnuafli í landbúnaði: 63%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPP): 2,3 mjr US doll
 HPP á íbúa: 485 US doll
 Árleg aukning HPP á íbúa: 3,6%
 Helstu atvinnugreinar: Námagróftur, hefðbundinn landbúnaður, olíuvinnsla
 Helstu útflutningsvörur: Tin, volfram, antimon og aðrir málmar, jarðolfa, baðmull
 Helstu innflutningsvörur: Korn, vélar, farartæki
 Helstu útflutningslönd: Bretland, USA, Argentína
 Helstu innflutningslönd: USA, Japan, Brazíla, Argentína
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála : 23%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála : 8%
 Ungbarnadauði á þús fædd: 175
 Ólæsi: 52%
 Evilíkur: 49 ár
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Lýðveldi undir herstjórn
 Þjóðhöfðingi: ?



Bolívía var hluti af hinu mikla ríki Inkanna þangað til Spánverjar lögðu landið undir sig árið 1538. Landið var þá ekki ríkisheild heldur hluti af Perú og nefnt Efra-Perú. Í Bolívíu fundust auðugar málminnir, einkum tin og silfurnámmur og allt frá upphafi búsetu hvíttra manna í landinu hefur efnahagur þess byggst upp á þessum námmum, en ágóði af þeim rann reyndar allur til Spánverja meðan þeir réðu landinu. Árið 1825 tókst herforingja einum úr liði Símon Bolívar, Antonio de Sucre að nafni að frelsa landið undan yfirráðum Spánverja. Lýðveldið Bolívía var þá stofnað og skírt eftir frelsishetjunni Bolívar sem samdi fyrstu stjórnarskrá þess.


Upphaflega átti Bolívía land að Kyrrahafsströndinni þar sem eru verðmætir salt-þétturámmur Þessu landsvæði tapaði Bolívía í stríði við Chile árið 1883 og varð þá landlukt. Nokkru eftir aldamótin töpuðu Bolívíumenn enn löndum og þá í deilum við Brazílíu út af landi á Amazonsvæðinu. Bandarísk auðfélög náðu fótfestu í Bolívíu um 1920 og yfirtóku brátt málminnsluna. Um 1930 mátti heita að öll stjórn og framtíð landsins væri í höndum Bandaríkjanna, þar sem Bolívía var orðin þeim stórskuldu. Árið 1932 lenti Bolívía í stríði við Paragúay út af Chaco svæðinu austan Andesfjalla. Þetta stríð varð mjög blóðugt og dýrt og lauk með ósigri Bolívíumanna.

Stjórnarfarir í Bolívíu tók ekki miklum breytingum fram til 1940, þrátt fyrir tíðar byltingar voru breytingar á stjórnarháttum litlar og efnahagur ávallt slæmur. Árið 1940 dró enn til tíðinda í landinu. Þá bættust tveir stjórnmálaflokkar við þá tvo hægrí flokka sem fyrir voru í landinu. Annar var marxistaflokkur, en hinn "Þjóðernissinnaði byltingarflokkurinn", eða MNR, sem Victor Paz Estenssoro stýrði. Hann sótti einkum stuðning sinn til námuverkamanna sem flestir eru indíánar. MNR var við völd árin 1943-46 í samvinnu við unga þjóðernissinnaða hershöfðingja. Stjórn hans lauk í það skipti með því að herinn steypti stjórninni og leiðtogi hennar Gualbert Villaroel var hengdur upp í ljósastaru fyrir utan forsetahöllina.


Árið 1951 vann MNR sigur í kosningum sem þá fóru fram, en sökum þess að herforingjar hrifsuðu völdin strax og ljóst varð um kosningaúrslit, komst flokkurinn ekki til valda fyrr en árið eftir. Þegar Estenssoro tók við völdum 1952 hófst hann þegar handa um víðtækar umbætur sem meðal annars fólu í sér afnám bændánaúðar í landinu og þjóðnýtingu námma. Þessum breytingum, einkum þeirri síðar-nefndu, var miður vel tekið af erlendum námaeigendum og gerðu þeir allt sem þeir gátu stjórninni til miska og fóru svo að hún varð að slá nokkuð af stefnu sinni.

Estenssoro varð að hverfa frá völdum árið 1956 en komst þó aftur til valda árið 1960. Átti hann þá í sífelldum deilum við andstöðinga sína og þar kom að herinn tók völdin árið 1964 undir stjórn hershöfðingjans René Barrientos. Eftir það tóku við linnulausar uppreisnir stúdenta og námuverkamanna sem yfirleitt voru barðar niður af mikilli grimmd. Þess má geta hér að Ernesto Che Guevara var myrtur í Bolívíu árið 1967.


Margir hershöfðingjar hafa ríkt í landinu síðan en hagur landsins og kjör fólksins hafa lítið batnað hingað til. 1. júlí í sumar fóru fram forsetakosningar í landinu og skildu frambjóðendur UDP, Hernan Siles Zuazo og MNR, Paz Estenssoro svo til jafnir. Þingið tók þá það ráð að setja Walter nokkurn Guevara í embættið. Borgaraleg stjórn var þó ekki lengi í landinu, því 11. okt. gerðu hersveitir í N-A hluta landsins uppreisn undir stjórn mjög hægrissinnaðs hershöfðingja er Alberto Natusch Busch heitir. 1. nóv. tók herinn höfuðborgina La Paz og sat hersveit um forsetahöllina. Fjöldi þingmanna fer nú huldu höfði eða situr í fangelsum. Götubardagar hafa geisad og ritskoðun er í gildi. Valdaráðinu hefur verið harðlega mótmælt, bæði af landsmönnum sjálfum og ekki síst af öðrum hershöfðingjum og svo hefur Bandaríkjastjórn ákveðið að hætta fjárhagsaðstoð til landsins. Síðustu fréttir herma að Busch hafi lofað kosningum í maí á næsta ári, en þeirri yfirlýsingu hans hefur verið tekið með fyrirvara. Þess má og geta að í þau 154 ár sem Bolívía hefur verið "lýðveldi" hafa yfir 200 valdarán verið framin.



CHILE



Flatarmál: 757 þús. Km²
 Fólksfjöldi: 10,7 miljónir
 Fólksfjöldgyn á ári: 1,8%
 Íbúar á Km²: 13
 Höfuðborg: Santiago, 3,8 miljónir
 Íbúar í þéttbýli: 81%
 Vinnuafli í landbúnaði: 21%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPF): 13,9 miljarðar US\$
 HPF á íbúa: 1.313 US\$
 Árleg aukning HPF á íbúa: 0,4%
 Helstu atvinnugreinar: Námuvinnsla (kopar, járn, salt-
 pétur), hefðbundin jarðyrkja,
 léttur iðnaður
 Helstu útflutningsvörur: Kopar, járn, saltpétur,
 pappír
 Helstu innflutningsvörur: Vélar, matvörur, olía, bílar
 Helstu útflutningslönd: USA, Japan, V-Þýskaland,
 Bretland, Brasilía
 Helstu innflutningslönd: USA, Argentína, V-Þýskaland,
 Brasilía
 Hluttur ríkisútgjalda til menntamála: 15%
 Hluttur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 6%
 Ungbarnadaði á þús.
 fædd: 55
 Evilíkur: 65 ár
 Ólæsi: 10%
 Opinbert mál: Spanska
 Stjórnskipan: Herforingja-
 stjórn
 Þjóðhöfðingi:
 Augusto Pinochet, hersh.




Eftir að Spánverjar höfðu náð yfirráðum yfir Perú, héldu þeir til Chile og náðu því á vald sitt eftir langa og stranga baráttu við hinn hrausta indíána-ætthálfk áraucána. Allan nýlendutímann var Chile annexía frá Lima. Flutti Chile þá út matvæli og þjónaði sem forðabúr fyrir Perú og Bólívíu.

Á 19. öld var hafinn umtalsverð saltpétursvinnsla í Chile. Vinnslan var upphaflega innlent fyrirtæki, en með auknu innstreymi erlends fjármagns, einkum bresks, minnkaði hlutdeild landsmanna í innan við 1/5 hluta. Mestur hluti saltpétursins var fluttur út til Bretlands, og því varð Chile mjög háð breskri verslun. Um 1880 háði Chile stríð við Perú og Bólívíu um saltpéturinn í Atacama-eyðimörkinni. Hafði Chile betur og Bólívía missti þá land og aðgang að sjó. Eftir 1920 minnkaði eftirspurn á saltpéttri vegna nýjunga í framleiðslu köfnun-arefnisáburðar. Þar með misstu Bretar að mestu ítök sín. Eftir hrun saltpétursins varð koparinn þýðingarmesta útflutningsvara Chile. Svipaða sögu er að segja af koparnum. Bandarískt fjármagn yfirtók smám saman vinnsluna. Árið 1970 áttu Chilemenn aðeins 10% í námunum, en bandarísk auðfélög afganginn. Eignarhald á landi leiddi til stöðunar í landbúnaði og Chile hefur ekki brauðfætt sig áratugum saman. Landbúnaðarlandið Chile varð hlutfallslega einn stærsti matvælainnflytjandi heims.

Stjórnmaláumræða í Chile hefur alla tíð fram til 1973 minnt frekar á Evrópu en Rómönsku Ameríku. Þingið var mjög valdamikið og einræðisstjórnir fátíðari og skemur við völd heldur en viðgekkst annars staðar í álfunni.

Í forsetakosningunum 1964 hlaut frambjóðandi Kristilegra demókratafloksins, Edvardo Frei, yfirgnæfandi meirihluta með stuðningi hægri manna, og í þingkosningunum ári síðar vann flokkurinn yfirburðarsigur. Kristilegir demókratar voru upphaflega klöfningur úr íhaldsflokknum sem hafði orðið fyrir áhrifum af ítölskum fasisma og kapólsku kirkjunni. Kjörorð flokksins í baráttunni var "Bylting og frelsun". Nú fengu þeir í fyrsta sinn tækifæri til að efna loforð sín, en tókst ekki sem skyldi. Afstaða Freis til Framfarabandalagsins olli mikilli óánægju, þar sem bandarísk fjárfesting jókst verulega í stjórnartíð hans. Hinar róttæku umbætur í landbúnaðar-, mennta- og verðlagsmálum koðnuðu brátt niður. Aðgerðarleysi Freis átti stóran þátt í sigri Allendes í forsetakosningunum 1970. Að baki Allendes stóðu hinar ýmsu vinstri hreyfingar sem mynduðu fylkinguna UNIDAD POPULAR. Meðal þeirra var MAPU, vinstri vengur Kristilegra demókrata. Stjórnin var skipuð ráðherrum allra stuðningsflokka. Hún byrjaði á að þjóðnýta kopar-námurnar og bankakerfið og árangursríkar ráðstafanir til jafnari tekjuskiptingar voru gerðar. Jarðnáðisskipting og aðrar umbætur í landbúnaði voru og hafnar. En brátt fór að harðna á dalnum. Stjórnarandstaðan var í meirihluta á þingi, gömlu valdastéttirnar, herinn, erlend auðfélög og stjórnarvöld í Bandaríkjunum, auk vinstri öfgamanna, börðust hatramlega á móti stjórninni. Dómstólar landsins reyndust einnig erfiðir stjórninni. Því má segja að Allende hafi skort vald til að framkvæma róttækar umbætur.

Árið 1973 brutust herforingjar, undir forystu Pinochets, til valda í Chile. Síðan hefur ríkt þar ógnarstjórn. Efnahagsmál landsins eru í molum, grundvallar-reglur mannréttinda eru þverbrotnar og miklar pólitískar handtökur eru viðhafðar. Valdaránið hefur komið af stað miklum mótmælum, m.a. hafa Sameinuðu þjóðirnar fordæmt það harðlega. Á hinn bóginn hafa afturhaldsstjórnir víða um heim, svo og alþjóðleg auðfélög stutt herforingjana í hvívetna.



ARGENTÍNA

Flatarmál: 2778 þús. km²
 Fólksfjöldi: 26,2 milljónir
 Fólksfjölgun á ári: 1,3%
 Íbúar á km²: 9
 Höfuðborg: Buenos Aires, 10 milljónir
 Íbúar í þéttbýli: 83%
 Vinnuafli í landbúnaði: 15%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HPP): 45 milljarðar
 US doll.

HPF á íbúa :1720 US doll.
 Árleg aukning HPF á íbúa: 1,1%
 Helstu atvinnugreinar: Nautgripærkt, sauðfjár
 rækt, kornrækt,
 úrvinnsla landbúnaðar-
 vöru, léttur iðnaður

Helstu útflutningsvörur: Kjöt, maís, hveiti,
 ull, húðir, iðnaðar-
 vörur

Helstu innflutningsv.: Vélar, tæki, stærri
 samgöngutæki, járn,
 stál, trévvörur

Heldtu útflutningslönd: Brasilía, Ítalía,
 Holland, USA

Helstu innflutningslönd: USA, V-Þýskaland,
 Brasilía, Japan

Tekjudreifing: Fátækustu 50% fá 20% af þjóðar-
 tekjum

Ríkustu 5% fá 32% af þjóðartekjum

Hlutur launþega af þjóðartekjum: 36%

Hlutur ríkisútgjá til menntamála: 8%

Hlutur ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 5%

Ungbarnadauði á þús. fædd: 63


Ævilíkur: 69 ár

Ólæsi: 6%

Opinbert mál: Spanska

Stjórnskipan: Herforingjastjórn

Þjóðhöfðingi: Jorge Videla, herhöfðingi



Spánverjar fundu Argentínu um 1515 og fram yfir miðja 18. öld var landið meðal vanþróðustu nýlendna Spánarkonungs. Allt fram til 1776 var Argentínu stýrt frá Perú og fór öll verslun til og frá nýlendunni um Lima. Eftir að vísikóngsdæmi hafði verið stofnað í Buenos Aires og upp var tekin bein verslun við Evrópu tók nautgripærktin að blómstra.

Argentína hlaut sjálfstæði 1816. Fyrsta öld lýðveldisins einkenndist af pólitískri upplausn, þar áttust við gamla dreifbýlisafurhalðið og nýja verslunarvaldið í Buenos Aires. Tilkoma kálitækni um 1870 gerði Argentínunum önnur kleyft að hefja umtalsverðan útflutning nautakjöts á Evrópumarkað.

Eftir miðja 19. öldina hófst stórfelldur innflutningur fólks frá Evrópu, einkum Ítalíu og þetta fólk varð kjarninn í verkalýðsstétt stórborganna. 1810 voru íbúar Argentínu um 400,000, þar af aðeins 9000 hvítir en 1895 voru landsmenn tæpar 4 milljónir, þar af nærri 3 milljónir l. eða 2. kynslóð innflytjenda.

Á kreppuárunum minnkaði mjög eftirspurn eftir útflutningsvörum frá Argentínu. Innlandur iðnaður óx, mikið atvinnuleysi varð í sveitum og fólk flúttist unnvörpum í borgirnar.


Árið 1943 steypiti herinn stjórn Argentínu. Juan Domingo Perón var einn byltingarmanna. Hann varð fyrst ráðherra verkalýðsmála, þá hermálaráðherra og stuttu síðar varaforseti. Hann var síðan kosinn forseti árið 1946 og þar með hófst 9 ára óslitið valdaskeið hans sem einvaldur í Argentínu.

Perón studdi sig einkum við verkalýðinn og lofaði honum gulli og grænum skógum á grundvelli uppbyggingar innlands iðnaðar. Vissulega tókst honum að öðlast hylli þessa fólks og ná svo sterkum tökum á verkalýðshreyfingunni að hún studdi hann í blindni og var það ekki síst fyrir tilstilli ástkonu hans og síðar eiginkonu Evu Duarte, sem var nánast dýrilingur í augum fólksins. Perón tókst einnig að öðlast stuðning kirkjunnar og hersins sem hann eyddi reyndar í um 25% ríkistekna á þeim árum sem hann ríkti.

Árið 1952 fór alvarlega að halla undan fæti fyrir Perón. Kona hans Eva, dó það ár og með henni mikið af almannahylli, auk þess fóru að koma fram ýmsir van-kantar á efnahagskerfinu, t.d. að uppbygging iðnaðarins hafði ekki gengið sem skyldi. Hann missti stuðning sumra verkalýðsforingja og einnig kirkjunnar. Árið 1955 var svo mælinn fullur og herinn reis upp. Perón flúði land þann 9. september sama ár.



Eftir að Perón hraktist úr valdastóli, tóku við hinar ýmsu stjórnir sem allar áttu það sameiginlegt að ná ekki tökum á verkafólki og tókst því aldrei að kveða niður goðsöguna um velferðarríkið undir stjórn Peróns. Árið 1973 gáfust stjórnvöld upp og kölluðu Perón heim eftir 18 ára útleið.

Flokkur hans skiptist nú í tvo arma, hægri og vinstri og þeir síðarnefndu sneru fljótlega baki við honum og ollu honum margvíslegum vandræðum. Perón dó árið 1974 og við tók síðari kona hans, Isabel. Ekki reyndist hún betur til þess fallin að sameina stríðandi öfl í landinu. Hin mesta ógnaröld ríkti og valdaskeið hennar lauk með því að herinn tók völdin árið 1976. Við völd situr nú herforingjastjórn sem getið hefur sér mikið orð fyrir margvísleg brot á mannréttindum.



URUGUAY

Flatarmál: 187 þús. km²
 Fólksfjöldi: 2,8 milljónir
 Fólksfjölgun á ári: 0,6%
 Íbúar á km²: 15
 Höfuðborg: Montevideo,
 1,6 milljónir
 Íbúar í þéttbýli: 84%
 Vinnuafli í landbúnaði: 18%
 Heildar þjóðarframleiðsla (HBF):
 3,8 milljarðar US\$
 HBF á íbúa: 1330 US\$
 Árleg aukning HBF á íbúa: 0,4%
 Helstu atvinnugreinar: Sauðfjárrækt, nautgripærækt, vefnaðar- og matvælaíðnaður, ferðamannaíðnaður.
 Helstu útflutningsvörur: Kjöt, ull, garn, fatnaður
 Helstu innflutningsvörur: Hraólfía, trjávörur, járn, stál, iðnaðarvörur, vélar
 Helstu útflutningslönd: V-Þýskaland, USA, Brasilía, Holland
 Helstu innflutningslönd: Brasilía, Argentína, USA, V-Þýskaland, Kuwait
 Hlutfurð ríkisútgjalda til menntamála: 15%
 Hlutfurð ríkisútgjalda til heilbrigðismála: 6%
 Ungbarnadauði á þús. fædd: 49
 Ævilíkur: 70 ár
 Ólæsi: 6%
 Opinbert mál: Spænska
 Stjórnskipan: Herforingjastjórn
 Þjóðhöfðingi: Aparicio Mendez




Uruguay er minnsta land Suður Ameríku. Framan af var landið bitbein Spánverja og Portúgala en síðar Argentínu og Brasilíu. Uruguay hlaut sjálfstæði fyrir milligöngu Bretanna árið 1828 og lýðveldi var stofnað 1830. Tímabilið frá 1830 til 1903 var mjög óeirðasamt. Þar börðust aðallega um völdin tveir andstæðir flokkar "Los Colorados" (hinir rauðu) og "Los Blancos" (hinir hvítu). Talið er að um 40 byltingar hafi verið gerðar á þessu tímabili.

Uruguay hefur gegnum aldirnar byggt afkomu sína á mjög einhæfri landbúnaðarframleiðslu - kvikfjárrækt. Um 90% alls lands í Uruguay er nýtt undir landbúnað og síðan á 17. öld hefur jarðnáði verið í höndum fárra stórjarðeigenda.

José Batlle y Ordoñez, foringi Los Colorados, varð forseti árið 1903. Með komu hans tóku að gerast miklar þjóðfélagslegar breytingar og í og eftir hans tíð gat Uruguay, eitt ríkja Róm. Ameríku talist velferðaríki. Batlle y Ordoñez sat tvö aðskilin kjörtímabil. Hið fyrra notaði hann aðallega til að brjóta niður andstöðu Los Blancos og koma á einingu í landinu. Næstu fjögur árin dvaldist hann í Sviss til að kynna sér þarlenda stjórnhætti, sem höfðu mikil áhrif á hann. Árið 1911 var hann endurkjörinn forseti. Þá barðist hann m.a. fyrir málfrælsi, prentfrælsi, frjálsum kosningum, ókeypis skólaskyldu, verkfallsrétti, átta stunda vinnudegi, lágmarkslaunum, ellilaunum, slysatryggingum og reglugerð um aðbúnað á vinnustöðum. Batlle y Ordoñez beitti sér einnig fyrir þátttöku opinberra aðila í atvinnurekstri. Hann vildi afnema forsetaembættið og láta framkvæmdavaldið í hendur níu manna ráði skipuðu sex fulltrúum meirihlutans og þremur fulltrúum minnihlutans. Þessar hugmyndir komust smám saman í framkvæmd og forsetaembættið var afnumið 1952. Los Colorados sem höfðu verið í meirihluta í landinu í um það bil 90 ár töpuðu honum í hendur Los Blancos árið 1958.

Eins og áður segir er landbúnaður helsta undirstaða efnahagslífsins í Uruguay og jarðnáðið í höndum fárra stórjarðeigenda. Um aldamótin 1900 voru 25 ær og 8 nautgripir á hvern íbúa landsins en nú eru það 8 ær og 3 nautgripir. Þróun í landbúnaði hefur verið mjög hæð vegna slæmrrar nýtingar lands en fólksfjölgun að sama skapi ör. Stöðnunin í landbúnaði hefur því leitt af sér hrun efnahagslífsins, sem í dag er allt í molum.

Frá 1958 tók herinn að skipta sér af stjórnámum og tók öll völd í sínar hendur 1973. Öll andstöðuöfl eða hreyfingar eins og "Tupamaros", sem voru mjög virkir á 7. áratugnum, hafa verið brotin á bak aftur með harðri hendi. Á þessu ári, 1979, hafa á þremur mánuðum horfið 350 manns sporlaust, að ekki sé minnst á allar þær þúsundir manna sem sitja bak við lás og slá og sæta hrottalegri meðferð. Án algerrar byltingar í landbúnaði Uruguay er út í hött að venta jákvæðrar þróunar í efnahags- og félagsmálum þjóðarinnar.



SAMSTARF RÍKJA Í ÁLFUNNI

Að loknum nýlendumálanum voru landamæri flestra ríkja í álfunni harla óljós og leiddi það til landamæradeilna og styrjalda milli ríkja þegar að unnu fullveldi. Hafa slíkar landamæraþrætur blossað upp öðru hvoru allt til þessa. Hin nýju lýðveldi töldu því nauðsynlegt að tryggja öryggi sitt hvert gagnvart öðru. Jafnframt var ljóst að ríkin þurftu að hafa náð samband sín í milli á ýmsum sviðum.

Á Panamá-ráðstefnunni 1826 reyndi Símón Bolívar að byggja upp stofnun er gæti leyst innbyrðis ágreiningsmál svo og aukið samvinnu ríkja álfunnar, en tilraun sú rann út í sandinn. Samvinnu- og samstarfsstofnun milli Bandaríkjanna og ríkja Rómönsku Ameríku, PAU (Pan-American Union), var sett á laggirnar 1889 að frumkvæði Bandaríkjanna. Var þetta nokkru áður en afskipti Bandaríkjanna af málefnum annarra ríkja álfunnar hófust að marki.

Á ráðstefnu Ameríkuríkja 1936 í Buenos Aires var samþykkt að hver sú aðgerð er ógnaði friði í einu ríki varðaði öll ríkin. Þetta var frekar útfært í Mexico 1945, þar sem gert var ráð fyrir sameiginlegum varnaraðgerðum ef eitt ríki réðist á annað. Kveikjan að þessari samþykkt var ótti Uruguay við uppgang Peróns í Argentínu.

Árið 1947 var myndað eins konar varnarbandalag Ameríkuríkja með Río-sáttmálanum svokallaða. PAU hafði löngum verið verkfæri í höndum Bandaríkjanna og líkaði mörgum það illa í Rómönsku Ameríku, en PAU var þar gjarnan nefnt "Bandaríska Nýlendumálaráðuneytið". PAU var því breytt í OAS (Organization of American States) árið 1948 og fengu ríki Rómönsku Ameríku þar stærri hlutdeild. Bandaríkin hafa þó oftast ráðið því sem þau hafa viljað innan OAS. Sem andsvar við áhrifum frá byltingu Castros á Kúbu var "Framfarabandalagið" (Alliance for Progress) stofnað í Punta del Este í Uruguay 1961 að undirlagi Kennedys Bandaríkjaforseta. Framfarabandalagið átti að sýna að rífa mætti þjóðir álfunnar upp úr eynd og volæði með öðrum og lýðræðislegri aðferðum en þeim er Castro beitti. Kúba var á sama tíma vikið úr OAS og einangrað pólitískt og efnahagslega.

Árangur Framfarabandalagsins reyndist heldur í visnara lagi og heyrir það nú sögunni til.

Frá því snemma á 7. áratugnum hafa ríki álfunnar reynt að auka samvinnu sín í milli á sviði efnahags- og viðskiptamála. Markmiðið hefur verið að skapa einstökum ríkjum stærri markað og þannig möguleika til hraðari iðnþróunar, jafnframt því að styrkja viðskiptastöðu ríkjanna gagnvart Bandaríkjunum og Evrópu. Árangur af samstarfi þessu hefur verið allnokkur enda þótt talsverðar tortryggni hafi gætt innan hinna einstöku bandalaga. Hér á eftir verða helstu bandalögin nefnd og markmið þeirra og árangur.

1. LAFTA (á spænsku: ALALC): Fríverslunarbandalag Rómönsku Ameríku.
Í LAFTA eru: ARGENTÍNA, BÓLÍVÍA, BRASÍLÍA, CHÍLE, COLOMBIA, ECUADOR, MEXICO, PARAGUAY, PERÚ, URUGUAY, VENEZUELA.
Stofnað 1961 með það markmið að leggja niður innbyrðis tolla og mynda sameiginlegan tollmúr gagnvart öðrum aðilum. Árangur hefur verið í minna lagi vegna ágreinings milli hinna veikari og sterkari ríkja innan Bandalagsins.
2. CACM (á spænsku: MCC): Efnahagsbandalag Mið-Ameríku.
Í CACM eru: COSTA RICA, EL SALVADOR, GUATEMALA, HONDURAS, NICARAGUA.
Stofnað 1960 sem sameiginlegt markaðssvæði með samræmdri tolla-

og viðskiptastefnu. Náði í upphafi þó nokkrum árangri en hefur dalað síðustu árin vegna pólitískra deilna innbyrðis.

3. CARICOM (Caribbean Common Market): Efnahagsbandalag Vestur-Indía.
Í CARICOM eru: BARBADOS, GUYANA, JAMAICA, TRINIDAD OG TABAGO.
Árið 1973 leysti þetta bandalag af hólmi losaralegt fríverslunarsamband ríkjanna, CARIFTA, sem stofnað var 1968. Markmið Bandalagsins er að sam-
hæfa efnahagslíf og efnahagsstefnu hinna gömlu nýlendna Breta í V-Indíum.
4. ANDES-SAMBANDIÐ.
Í því eru: BOLÍVIA, CHÍLE (1969-1976), COLOMBIA, ECUADOR, PERÚ, VENEZUELA.
Myndað árið 1969 sem sérstakt tollabandalag innan LAFTA. Sameiginleg áætlanagerð í fjárfestingarmálum átti að leiða til jafnari skiptingar í framleiðslu milli landanna innbyrðis. Árangur var verulegur fyrstu árin. Miðstöð Sambandsins er í Lima. Chile gekk úr Sambandinu árið 1976 vegna vaxandi pólitískra deilna.
5. SELA (Sistema Económico Latino-Americano): Efnahagssamband Rómönsku Ameríku.
Stofnað 1975 að frumkvæði Mexico til mótvægis efnahagslegum áhrifum Bandaríkjanna. Í SELA eru flest öll ríki álfunnar, þar með talin Kúba. Miðstöð er í Caracas. Höfuðmarkmið SELA er að auka efnahagslegt sjálf-
stöði ríkjanna og ná jafnframt betri samstöðu þeirra gagnvart iðnríkjun-
um. Einn þáttur þessa er myndun samþjódlegra fyrirtækja innan álfunnar, og má þar nefna útgerðarfélagið NAMUCAR (Naviera Multinacional del Caribe), sem stofnað var 1976 til að auka verlsun og siglingar á Mið-
Ameríkusvæðinu. Takmarkaður áhugi Brasilíu og fleiri Suður-Ameríku-
ríkja á starfsemi Sambandsins hefur dregið mjög úr árangri þess.
6. AMAZON-SAMBANDIÐ.
Í því eru: BOLÍVIA, BRAZÍLÍA, COLOMBIA, ECUADOR, GUYANA, PERÚ, SURINAM og VENEZUELA, en þessi ríki eiga öll land að Amazon-kvosinni. Aðalmarkmiðið er að bæta samgöngur á svæðinu og skapa þannig betri forsendur til efnahagsþróunar.

